

Óvissan fyrir nem-
endur og kennara
er verst. BLS 18

Prófrek í
leikskólum?
BLS 24

1.TBL. 11.ÁRG. 2011

Skólaerðan

- Niðurskurður á öllum skólastigum
- Hugarfarsbreytingu þarf í menntakerfinu
- Framsögn í leikskólanum Vesturkoti
- Grenndarskógur í skólastarfi





SMART í kennslustofur

Þetta er það sem beðið hefur verið eftir til notkunar í kennslustofum - gagnvirkar töflur með frábæra eiginleika og einfaldar í notkun.

Þetta er nýja gagnvirka SMART taflan.

SMART tafla 600i samanstendur af gagnvirkri töflu, UF65 skjávarpa og stjórnborði. Taflan er 77" en hægt er að fá hana 87".

Búnaðurinn er uppsettur í aðstöðu okkar og því hægt að prófa og meta hvaða stærð eða útfærslur henta.

Ókeypis námskeið eru í boði, sjá dagskrá á heimasíðu okkar.



Hugbúnaður fyrir SMART töflurnar er á íslensku

SMART™

Extraordinary made simple



Varmás

Markholt 2, Mosfellsbæ
sími 566 8144
www.varmas.is



Kristín Elfa Guðnadóttir

A 'ohe pau ka 'ike i ka halau ho 'okahi

Þetta er að sögn hawaískur málsháttur og merkir: Ekki er hægt að kenna allt í einum skóla. Það er auðvitað alveg rétt, þekkingu víðar fólk að sér víðar en í einum skóla. Sú þekking sem fólk getur öðlast í einum skóla er þó mikilsverð. Tvennt stendur ef til vill upp úr, að læra sjálfstærð lærdómsferlið og að læra að vinna og skapa með öðrum í sátt og samlyndi. Hvorugt er mögulegt ef nemendur finna ekki fyrir öryggi.

Með miklum niðurskurði sem sér ekki fyrir endann á og oft og tíðum vanhugsuðum breytingum erum við að stofna þessum undirstöðum alls náms í hættu, færa skóla áratugi aftur í tímann og leggja grunn að auknum kvíða og vanlíðan hjá stórum hópi barna. Það er mál að linni. Fullnægjandi svör við hæverskum spurningum skóla-samfélagsins um hvort ekki sé unnt að fara aðrar leiðir er ekki svarað. Þetta er mismunandi milli bæjar- og sveitarfélaga en víða er lítil samvinna milli þeirra sem hafa völdin og hinna sem eru ýmist foreldrar eða kennarar nema hvortvegja sé.

Ég held að stjórnámalmennt átti sig ekki fyllilega á alvarleika málsins. Það er eins og augun séu svo fastlímd á þann vanda sem við stöndum frammi fyrir í augnablikinu að ekkert beri þar fyrir augu nema lausnin: Skerum niður í skólum.

Þróunarstarf og skólamenning frá leikskólum og upp í framhaldsskóla er víða nú þegar í svo bráðum vanda að það mun taka einhverjar að reisa hana við, við bestu mögulegu aðstæður.

Skólamálaumræða er í skötulíki á landinu og afskaplega yfirborðs-kennnd. Þar er klisjum þeytt fram og aftur eins og embættis- og stjórnámalmennt séu í skotbolta við almenning og niðurstæða keppinnar

hafi verið ákveðin fyrirfram. Raunveruleg samræða er ekki í boði og þar sem fólk talar yfirhöfuð saman er það á forsendum valdsins og í boði þess. Bréfum með beiðnum um fundi er ekki svarað heldur mætt með öðrum fundarboðum, enn og aftur með skilmálum valdhafa.

Ekki er hægt að kenna allt í einum skóla. Við þurfum marga og fjölbreytta skóla. Þegar fólk fullorðnast hittir það annað fólk og miðlar því af þekkingu sinni, meðal annars þekkingunni sem það öðlaðist í skólanum sínum. Skólanum þar sem það var öruggt, því leið vel og þekkti allt og alla. Þetta skiptir máli. Er svona erfitt að skilja hvað þetta skiptir miklu máli?

Í röðum foreldra og kennara er fólk með alls konar þekkingu, á sviði menntunarfræði, markaðsmála, fjármála og svo framvegis. Sums staðar, til dæmis í Kaliforníu, hafa sprottið upp þverfagleg óopinber samtök sem vinna að því að rannsaka leiðir til staðbundins sparnaðar og tekjuöflunar og finna góðar lausnir. Yfirvöld gætu eflaust virkjað mikinn áhuga fólks á að standa vörð um skólastarf með raunverulegu samstarfi á þessum nótum. Embættismenn og stjórnámalmennt vita ekki allt. Ekki er hægt að kenna allt í einum skóla.

Tökum höndum saman, náum sáttum og finnum lausnir sem verja skólana og hefja skólastarf til vegs og virðingar. Spörum frekar tíma-bundið í öðrum verkefnum. Finnum nýjar leiðir til tekjuöflunar.

Þetta er hægt.

Kristín Elfa Guðnadóttir

3 Leiðari

4 Spjörunum úr

Ólafur Loftsson

6 Menntapólitík

Við þurfum hugarfarsbreytingu í menntakerfinu

8 Skólastarf

Á umrótatímum eigum við að leggja áherslu á menntun og menningu

10 Skólastarf

Þurfum að skoða allt menntakerfið í samhengi

12 Málefni

Eigum snemma að kenna börnum umgengni við internetið

16 Skólastarf

Niðurskurðurinn er fyrirferðarmikill í umræðunni

18 Skólastarf

Óvissan fyrir kennara og nemendur er verst

20 Fræðin

Hugleiðing um rafbækur

22 Málefni

Skólalæsi – vinnuvernd og ábyrgð

24 Fræðin

Próflek í leikskólum?

28 Námsferð

Skólahópum boðið upp á fyrirlestur um eldgosin á Suðurlandi

30 Myndlist

Myndlist á ferð og flugi

32 Skólastarf

Grenndarskógar í skólastarfi

34 Fagfélagið

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara

37 Skólastarf

Framsögn í leikskólanum Vesturkoti

40 Málefni

Líkamsbeiting og aðbúnaður á vinnustað



KENNASAMBAND
ÍSLANDS

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is

Umsjón með útgáfu þessa tölublaðs: Haraldur Bjarnason

Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is

Umsjónarmaður félagatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115

Hönnun: Zetor.

Ljósmyndir: Jón Svavarsson (js), nema annars sé getið.

Forsíðumynd: Börn á leikskólanum Vesturkoti í Hafnarfirði.

Auglýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959

Prentun: Ísafold.

Skólavardan, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.



Á meðan...

Formaður: Ólafur Loftsson, FG

Nú eru grunnskólakennarar búnir að vera sammingslausir frá því í júní 2009. Undanfarnar vikur hefur ekkert gengið. Litlar eða engar viðræður, í besta falli mjög ómarkvissar.

Á meðan er ráðist á lífeyriskerfið okkar af ASÍ, stærsta stéttarfélagi landsins. ICE-SAVE dúkkar upp reglulega, blóðugur niðurskurður í skólamállum - grínistarnir vilja skera enn meira niður. Snillingarnir sem keppa í „Frasakeppninni“ vita auðvitað að lausnin er „að koma hjólum atvinnulífsins af stað“, „setja grunnþjónustuna í forgang“, „auka súrefnið í hagkerfinu“ o.s.frv.

Umræðan er um Evruna, Evrópusambandið, ráðningamál ríkisins, gjaldeyrishöftin, fiskveiðistjórnunarkerfið, laun bankamanna, stjórnlagabæing, framfærslugrunninn, Nató....

Á meðan eru *sumir* sveitastjórnarmenn að keppa í „Fýlukasti“ og henda reglulega inn fýlubombum í umræðuna sem virðast bara þjóna þeim tilgangi að gera kennara og störf þeirra tortryggileg. Ég hugsa að tuggan um að „kjarasamningurinn standi í vegi fyrir skólaþróun“ toppi „hjól atvinnulífsins“. Að velta því fyrir sér í fúlustu alvöru að skera enn meira niður í skólalastarfinu er alveg með ólíkindum. Öll hagfræðileg rök mæla gegn þessu sem og ráðleggingar þeirra þjóða sem reynslu hafa af efnahagsþrengingum. Skólakerfið er hluti af grunnþjónustu og þar verður ekki skorið meira niður. (lesist, PUNKTUR). Foreldrar og starfsfólk skólanna (hluti af kjósendum) krefjast þess að ekki verði gengið lengra.

Á meðan er ekkert að gerast.

Á meðan hefur Félag grunnskólakennara kynnt afar einföld og aðgengileg markmið í þessum kjaraviðræðum.

Semja um launalið

Semja til stutts tíma

Semja um réttindamál

Semja um tímasetta verk- og aðgerðaáætlun fyrir næstu samningalotu

Í síðasta kjarasamningi okkar og sveitarfélaganna var skýrt kveðið á um að við skyldum halda áfram þeirri uppbyggilegu vinnu sem hófst í aðdraganda síðustu kjarasamninga. Skoða skyldi þá þætti kjarasamnings sem beint og óbeint hafa áhrif á starfsumhverfi kennara. Samninganefnd FG hefur sett sér það markmið að þegar sveitarfélögin eru „tilbúin“ þá muni félagið hella sér í þá vinnu, að fá umræðu meðal kennara um öll þau mikilvægu mál sem brenna á stéttinni, sveitarfélögunum og almenningi. Við teljum að þessi vinna taki að minnsta kosti eitt ár. Ef vel tekst til fáum við efni til að þróa kjarasamninginn okkar og vinnuumhverfi okkar til hins betra á næstu árum í sátt við alla. Við viljum ekki lenda í sömu sporum og eftir samninganna 2001.

Samninganefnd FG skorar á sveitarfélögin að fara nú af krafti í alvöru viðræður við okkur með ofangreind markmið í huga, til heilla fyrir alla. Ljúkum kjaraviðræðum sem fyrst svo við getum hafið þá vinnu sem skiptir okkur öll máli. Hættum að eyða dýrmætum tíma í karp og þras sem engu skilar.

Þegar öllu er á botninn hvolft, þá snýst þetta allt auðvitað bara um að „komast upp úr hjólförunum“ og „koma hjólum atvinnulífsins af stað“!



5 KRÓNA AFSLÁTTUR

Með KÍ-dælykli Atlantsolíu fá félagsmenn **5 kr. afslátt**.
Á afmælisdegi dælykilshafa veitir dælykill **8 kr. aukaafslátt**.

Sæktu um lykil eða uppfærðu afsláttarkjörin á www.ki.is



ATLANTSOLIA



Texti: Jörunn Tómasdóttir
Höfundur er framhaldsskólakennari
Mynd: Frá höfundi

„Við verðum að matreiða mismunandi efni ofan í mismunandi hópa, beita mismunandi námsmati og gera mismunandi kröfur“

Við þurfum hugarfarsbreytingu í menntakerfinu

Samkvæmt lögum á framhaldsskólinn að vera fyrir alla og án aðgreiningar. Þetta er falleg hugmyndafræði og varla hægt að vera henni mótfallinn. Hins vegar má velja því fyrir sér hvort þessi hugmyndafræði virki í reynd. Er skólinn í raun fyrir alla og er skóli án aðgreiningar heppilegasta formið fyrir alla? Mér hefur alltaf fundist að okkur hafi ekki tekist nægilega vel til við að búa til þennan fyrirmyndarskóla.

Skólinn er og á að vera íhaldssamur

Stundum finnst mér eins og menntakerfið sé orðið eins og uppdagað nátttröll lengst inni á öræfum. Inntak og form náms eru ekki í neinum takti við þann raunheim sem nemendur búa og hrærast í. Við erum búin að ganga í gegnum gífurlega flókna tæknibyltingu á örskömmum tíma sem hefur umbylt veruleikanum. Skólinn er í eðli sínu íhaldssamur og á líka að vera það. En íhaldssemin má ekki verða til þess að hann einangrist. Við kennarar kvörtum og kveinum yfir doða og áhugaleysi nemenda okkar. Við kvörtum yfir því að þeir lesi ekkert, vinni ekki heimavinnuna sína, slugsí, slóri og flosni svo upp. Brottfall er stór og dýr meinsemd. Menntakerfið kostar skattborgara drjúgan skilding og varla er hægt að kenna launum kennara um þann óhófliga kostnað. Ég hef lengi talið að skólakerfið verði að fara að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir en ekki þar sem því finnst að þeir ættu að vera staddir. Það þyrfti að umturna öllu kerfinu innan frá, hugsa inntakið og markmiðin algerlega upp á nýtt, stokka allt upp á nýjan leik. Það er engin lausn fólgin í því að staga sífellt í götin og bæta við hjáleidum þangað til kerfið er orðið eins og eitt risastórt brogað og ósamstætt bútasamsteppi.

Sveigjanlegri skóli

Nýtt Ísland, nýr skóli, ný hugsun. Hugarfarsbreytingin sem við þurfum svo nauðsynlega á að halda verður hvergi til nema í menntakerfinu. Ný skólinn, bæði grunn- og framhaldsskólinn, þarf að vera sveigjanlegri, námsinntakið nýstárlegra, fjölbreyttara, meira skapandi bæði í

hugsun og verki, í meiri tengslum við raunheiminn og við hæfi þess breiða nemendahóps sem hann á að höfða til. Samstarf skólastiga þarf að vera miklu markvissara og skilin milli þeirra fljóttandi. Eitt allra mikilvægasta verkefni skólans er að endurskoða og endurskapa inntak námsins til samræmis við veruleikann. Það þarf að fleyta skólanum inn í 21.öldina.

Mismunandi efni fyrir mismunandi nemendur

Skólinn verður að halda standard. Skólinn verður að gera kröfur. Ég er alveg sammála því. Skólinn á að gera kröfur. Við höldum engum standard með því að fóðra nemendur á námsefni og kennsluháttum sem ná engan veginn til þeirra. Við getum ekki gert kröfur sem þeir geta ekki staðið undir. Við verðum að matreiða mismunandi efni ofan í mismunandi hópa, beita mismunandi námsmati og gera mismunandi kröfur – ef skólinn á að standa undir því nafni að vera fyrir alla og án aðgreiningar. Við megum ekki alltaf skýla okkur á bak við miðlæga námsskrá þegar rætt er um inntak námsins. Ef ráðuneytið sér ekki hvað það er arfavitlaust að skylda t.d. nemendur í íslensku sem ekki eru á bóknámsbraut að læra málfræði og setningafræði í stað þess að leggja meiri áherslu á lestur og lesskilning þá verðum við kennarar að benda því á það. Annars erum við stöðugt að eyða ómældri orku, tíma og fjármunum til einskis. Nemendum leiðist, kennarar brenna út á eilífu eintali sínu við tómið. Skólasterfið verður fullkomlega árangurslaust.

Skólinn sem félagslegt úrræði

Á tímum atvinnuleysis, niðurskurðar og almennrar eymdar í íslensku samfélagi finnst mér ekkert óeðlilegt að skólinn hafi hlutverki að gegna sem félagslegt úrræði. Kannski ætti það að vera eitt af hlutverkum hans á öllum tímum. Einu sinni var einkum lítið á skólann sem þekkingarmiðstöð, svo var lögð rík áhersla á hann sem uppeldismiðstöð og núna líka sem félagsmiðstöð. Það hlýtur alltaf að vera betra að halda unglingum inni í ákveðnu ferli innan veggja skólans heldur en láta þá ráfa

um göturnar iðjulausa. Mér finnst í sjálfu sér ekkert athugavert við að útskrifa nemendur á þann veg að viðkomandi hafi setið í viðkomandi áföngum í viðkomandi námsgreinum einhvern ákveðinn tíma en án eininga og einkunnar. Við vitum að það eru svo ótrúlega margir nemendur með svo skerta námsgetu af ýmsum orsökum að þeir munu aldrei geta áorkað neinum prófum. Þeir eru ekki óalandi eða óferjandi fyrir það. Það að vera í skólanum kemur þeim áleiðis bæði þekkingarlega, uppeldislega og félagslega þó það verði ekki endilega mælt á viðtekna mælistiku.

Dýrt nám, eða ekki

Nýtt Ísland, nýr skóli, ný hugsun, betri skóli fyrir alla. Mér finnst að við verðum að vinna að því að auka veg starfsmenntunar og verknáms, listnáms og skapandi starfs. Styttri námsbrautir eiga fullan rétt á sér. Oft er talað um að verknámið sé svo dýrt. Hefur verið reiknað út hve dýrt það er að halda nemendum inni á bóknámsbraut með fall í áföngum önn eftir önn eða hefur verið reiknað út hve dýrt máttlítið stúdentspróf er sem aðgöngumiði að háskólanámi? Við þurfum að hugsa þetta allt upp á nýtt. Einnig menntun og laun kennara.

Þarfir nemenda í fyrirrúmi

Að lokum vil ég segja að kannski liggur vandi framhaldsskólans í því að honum hefur verið ætlað of víðfeðmt hlutverk. Í reynd má segja að framhaldsskólinn hafi tekið yfir gamla gagnfræðaskólann, iðnskólann, menntaskólann og líka alla þá nemendur sem áður hefðu ekki farið í neina skóla. Kannski þyrfti að skilgreina hlutverk hans betur og vera óhræddari við meiri niðurrhólfun. Það á ekki síður við um grunnskólann. Það þyrfti að láta af pólitískri rétt hugsun sem mér finnst hafa verið mikill dragbítur á allt skólastarf. Börnum, jafnt sem fullorðnum, líður best innan um jafningja sína. Þar geta þau fundið til styrkleika síns, blómstrað og notið sín. Að vera í hópi þar sem maður er alltaf minni máttar dregur úr manni allt fjör, allan kjark, alla gleði. Ég er þess fullviss að meiri niðurrhólfun þar sem þarfir nemenda eru í fyrirrúmi muni bæta starfsgleði bæði nemenda, kennara og ánægju foreldra. Við myndum skapa betri skóla. Mér finnst t.a.m. mjög jákvætt og gott að framhaldsskólarnir séu ekki allir steyptir í sama mótið – nemendur okkar eru nefnilega ekki heldur allir eins og það er ekki hlutverk skólans að gera þá alla eins.



SKRIFTARPENNI

Faber-Castell tússpenni - 0,4mm





Grænn — Svartur — Blár — Rauður —

VORBOÐINN SKEMMTILEGI!

SKAPANDI KRAFTUR

Kyndum ímyndunaraflið og tókum **hugmyndaflugið!**

HARPA ARNARDÓTTIR • LEIKKONA
ÓLÖF INGÓLFSDÓTTIR • DANSARI OG DANSHÖFUNDUR
NANNA HLÍF INGVAÐÓTTIR • TÓNMENTAKENNARI
BENEDIKT ERLINGSSON • LEIKARI
SIGRÍÐUR ÁSTA EYÞÓRSDÓTTIR • ÆVINTÝRAPERAPISTI
IVVE MARTINEZ • DANS- OG SPUNAKENNSLA
HAFDÍS ÁRNADÓTTIR • ÍPRÓTTAKENNARI

FJÖR OG FRÁBÆRIR KENRARAR

– eins og alltaf!

KENNARANÁMSKEIÐ KRAMHÚSSINS 2011

Kramhúsinu 7.-9. júní 2011



Haldis
Árnadóttir



Ólaf
Ingólfssdóttir



Nanna Hlíf
Ingvadóttir



Benedikt
Erlingsson



Harpa
Árnadóttir



Sigríður Ásta
Eyþórsdóttir



Ivve
Martinez



www.kramhusid.is

551 5103 & 551 7860

Skemmtilegasta námskeið ársins · Skráning hafin!



Mynd: Haraldur Bjarnason

Texti og mynd: Haraldur Bjarnason

Á umrótatímum eigum við að leggja áherslu á menntun og menningu

Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri Víkurskóla

Árný Inga Pálsdóttir hefur verið skólastjóri Víkurskóla í Grafarvogi frá því skólinn tók til starfa haustið 2001. „Við byrjuðum hér með um 100 nemendur í 1. til 8. bekk. Nú eru í skólunum um 330 nemendur og 30 kennarar,“ segir hún í upphafi spjalls. Árný Inga segir mikið samstarf milli kennara í skólunum í Grafarvogi auk þess sem Klébergsskóli á Kjalarnesi sé með. „Það er mikill faglegur metnaður hér meðal kennaranna og mér sýnist umræðan þeirra á milli snúast fyrst og fremst um metnað fyrir skólastarfinu frekar en niðurskurðinn, sem vissulega er mikill. Kennarar eru búnir að kljást við niðurskurð undanfarin ár og hafa tekið því sem hverju öðru verkefni og ekkert kveinkað sér undan honum. Sá niðurskurður sem blasir við í haust er hins vegar mjög hastarlegur og það sem alvarlegast er að það er verið að skerða kennslutímabönd. Nú óttast fólk að niðurskurðurinn komi niður á því metnaðarfulla starfi sem hefur verið unnið og ætlunin er að halda áfram. Ég er áhyggjufull, sem skólastjóri, þegar ég fæ í hendur forsendur fyrir fjárhagsáætlun þar sem ekki einni krónu er varið í símenntun fyrir kennara. Það er alveg úr takti við það sem hefur verið hingað til hjá Reykjavíkurborg. Símenntunin er nauðsynleg. Við þurfum alltaf að efla okkur sem fagstétt og við þurfum að fylgjast með. Okkar markmið á alltaf að vera að bæta námsárangur nemendanna og við þurfum að vera á tánum gagnvart því. Við höfum fengið góða styrki frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að sækja símenntun og auðvitað höldum við áfram að sækjast eftir þeim en hver og einn

„Víkurskóli er vel í sveit settur því hér er fjaran innan seilingar og svo eru skólagarðarnir í næsta nágrenni. Esjan blasir við okkur alla daga í öllu sínu veldi.“

skóli í Reykjavík hefur líka fengið framlög frá Reykjavíkurborg vegna símenntunar, sem nú virðast ekki lengur verða í boði.“

Faglegt samstarf í Grafarvöginum

Árný Inga segir að skólar í Grafarvöginum séu í faglegu samstarfi. Eitt af verkefnum sem unnin eru sameiginlega er að efla lestrar-kennslu í skólum. Skólarnir hafa innleitt byrjendalæsi á yngsta stigi og orð af orði á mið- og unglingsstigi. „Samstarfið byggist á að miðla þekkingu milli kennara og þróa nýjar leiðir í móturmálskennslu. Við höfum áhyggjur af fyrirhuguðum niðurskurði því hann mun komið niður á skólastarfinu. Í Víkurskóla höfum við samþætt list- og verkgreinar við hefðbundnar greinar til að mæta ólíkum námsstíl nemenda. Þeim



„Mér finnst almennt að skólafólk hafi verið sammála um það á þessu skólaári að gíra sig upp úr krepputali“

gefst þarna kostur á að láta hæfileikana sína njóta sín í skapandi starfi með því að fást við ápreifanleg viðfangsefni. Við erum núna að hefja útikennslu í sama tilgangi og vonumst þannig til að ná til stráka og stelpna í námi. Víkurskóli er vel í sveit settur því hér er fjaran innan seilingar og svo eru skólagarðarnir í næsta nágrenni. Esjan blasir við okkur alla daga í öllu sínu veldi. Sú hefð hefur skapast að nemendur í 9. bekk fara ávallt í gönguferð á Esjuna að vori. Fyrirhugað er að útbúa útikennslusvæði hérna á lóðamörkunum í samvinnu við leikskólann Hamra. Víkurskóli fékk grænfánann afhentan í þriðja skipti í haust og við það tækifæri helguðu nemendur og starfsfólk skólans og Hamra sér svæði til útikennslu.

Við spólum ekki til baka

Þær hugmyndir sem uppi eru um styttingu skólatímans eru áhyggjuefni að mati Árnýjar Ingu. „Það er í raun sama hvaða leið verður farin í þeim efnunum. Mér finnst það gleymast að börn eru bara 10 ár í grunnskóla og við spólum ekki til baka. Ég tek undir með SAMFOK sem lýsti áhyggjum af því að skólarnir geti ekki framvegis sinnt lög bundnum skyldum og unnið eftir námskrá grunnskóla. Það má ekki gerast og við verðum að verja börnin. Þau eru okkar fjöregg og framtíð. Við eigum á þessum umrótatímum að leggja áherslu á menntun og menningu. Í því þarf pólitísk forysta að liggja.“ Árný Inga segir kennurum þykja sjálfsagt að spara og sína hófsemi í

rekstri. „Hins vegar hafa kennarar og stjórnendur áhyggjur af því að geta ekki haldið úti metnaðarfullu starfi. Í dag eru tölvur stór hluti af daglegu lífi nemenda og kennarar nýta tölvutækni mikið í sínu starfi. Það er því mikið áhyggjuefni að ekki hafi verið fjármagn til þess að endurnýja tölvukostinn frá árinu 2008. Grunnskólanemendur í dag nýta þessa tækni skemmtilega og nota margmiðlun við verkefnagerð. Auk þess er það markmið og kemur skýrt fram í námsskrá að þeir geti nýtt tölvur í framhaldsnámi og notað tölvurnar sem vinnutæki. Margmiðlunartæknin hefur aukið fjölbreytni í kennsluháttum.“

Gírum okkur upp úr krepputalinu

Árný Inga segir ekkert verða slegið af faglegum kröfum eða metnaði þótt áhyggjunnar séu fyrir hendi. „Fjölbreytni í kennsluháttum kallar á fámennari nemendahópa en nú horfum við fram á enn stærri hópa. Eftir því sem hóparnir stækka gefur auga leið að kennari hefur minni yfirsýn yfir hvern nemenda. Fleiri nemendur í hópum kalla á allt önnur vinnubrögð en verið hafa en það er allt hægt þótt það sé erfiðara.“ Hún segir að þrátt fyrir allt finni hún ekki svo mikið fyrir þreytu hjá kennurum. „Mér finnst almennt að skólafólk hafi verið sammála um það á þessu skólaári að gíra sig upp úr krepputali og einbeita sér að faglegri umræðu um skólamál. Mér finnst kraftur og starfsgleði í hópnum,“ segir Árný Inga Pálsdóttir skólastjóri í Víkurskóla í Grafarvogi.

„Fjöldi fólks sem lýkur stúdentsprófi kemur síðan seinna í verknám“

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti



Guðrún Hrefna stendur hér framan við listaverk eftir einn nemenda FB.

Mynd: Haraldur Bjarnason

„Þurfum að skoða allt menntakerfið í samhengi“

Texti og mynd: Haraldur Bjarnason

„Það má segja að verðmiðinn fyrir framhaldsnám hafi verið lækkaður. Nú er þrengra um allt en samt fara meiri peningar til verknáms eftir sem áður. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum. Framhaldsnámið fær peninga frá ríkinu samkvæmt ákveðnu reiknilíkani, sem segir að verknám kosti meiri peninga. Þrátt fyrir sparnað eru þessi hlutföll enn óbreytt,“ svarar Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti þegar hún er spurð að því hvort sparnaður til framhaldsskóla komi verr niður á verknámi en bóknámi. „Það eru engin rök fyrir því að skera niður verknám frekar en bóknám og ég hef ekkert heyrt frá ríkinu um það.“ Hún segir það vandamál að færri útskrifist úr verknámi en bóknámi ekki vera vegna þess að fjármagni sé ekki veitt til verknáms. „Þetta er einungis vegna þess að nemendur fara síður í verknám en bóknám. Þarna er fyrst og fremst við tíðarandann og ríkjandi viðhorf í samfélaginu að sakast sem er mjög alvarlegt. Þetta gerir það meðal annars að verkum að fjöldi nemenda fer í nám sem ekki er við hæfi þeirra og það vantar sannanlega orðið fólk í tiltekna iðngreinar, jafnvel þótt þar séu vellaunuð störf. Fólk hefur bara ekki menntað sig til þeirra og fyrirtækin þurfa að sækja fólk úl tlandu. Þetta viðhorf er eitthvað sem er rótgróið í íslenskt samfélag, því miður.“

Fjölmenntur skóli með mikla breidd

Um 1.500 nemendur stunda nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti sem er elsti fjölbrautaskólinn á Íslandi. Nemendur eru ýmist í bóklegu námi til stúdentsprófs, verknámi eða listnámi, sem á sér langa sögu innan skólans og hlotið hefur viðurkenningu listaháskóla innan lands sem utan. Listnámið má rekja alveg aftur til fyrsta skólameistarans, Guðmundar Sveinssonar sem setti í námskrá að nemendur skyldu leggja stund á listir og heimspeki. „Við erum mjög stolt af listnáminu hér og aðsókn hefur verið góð. Textilbrautin okkar er líka stöðugt að vaxa og vinsælt að læra fatahönnun. Nemendur héðan hafa státað sig af því að komast inn í þekkta útlenda listaháskóla. Guðmundur Sveinsson

var mikill skólamaður og nemendur hans bera honum allir vel söguna. Hér hafa líka verið margir merkir kennarar í gegnum tíðina og þessi skóli hefur allt frá upphafi haft mikla sérstöðu enda hugmyndafræði fjölbrautaskólanna sótt hingað.“

Guðrún segir skólann taka við mikilli breidd nemenda. „Við tökum við nemendum með góða námsgetu og einnig slaka. Við erum með svo margar mismunandi deildir að námið dreifist mikið í bóklegt og verklegt. Nemendur raðast inn í deild eftir áhugasviði og þeim forsendum sem þeir koma með inn í námið. Við erum t.d. hér með starfsdeild, sem er fyrir nemendur sem ekki hafa forsendur til að fara í almennt framhaldsnám og eru því í einskona sérkennslu. Hér eru bæði verknáms- og bóknámsdeildir til stúdentsprófs. Svo er nýjung hjá okkur síðan í haust og byggir á lögum frá 2008 en það er nám til framhaldsskólaprófs. Það er nám fyrir þá sem hafa ekki nægan undirbúning til að fara í verknám eða bóknám. Þetta er nokkurs konar undirbúningsnám og því lýkur með prófi sem kallast framhaldsskólapróf og er enn í mótnun. Hluti af þessu námi verður svo metinn inn í hefðbundið framhaldsnám.“

Hár meðalaldur nemenda

Aðsókn að Fjölbrautaskólanum í Breiðholti hefur aukist á síðustu árum og Guðrún, sem hefur verið skólameistari í tvö ár, segir verknámið

„Þessi skóli hefur allt frá upphafi haft mikla sérstöðu enda hugmyndafræði fjölbrautaskólanna sótt hingað.“



„Við höfum þurft að fjölga í nemendahópum sem eykur álag á kennara“

skýra aukninguna að hluta. „Að hluta skýrist þetta líka af því að þrýst er á um að skólarnir taki inn fleiri nemendur nú vegna svokallaðrar fræðsluskyldu í lögunum frá 2008. Þetta veldur því að framhaldsskólakerfið er skyldað til að taka við öllum undir 18 ára sem vilja fara í skóla,“ segir Guðrún og bætir við að FB hafi reynt að verða við óskum ríkisvaldsins um þetta. „Sérstaða okkar hér er að meðalaldur nemenda er hár. Þetta er kannski hluti af þessari óskilvirkni í íslenska menntakerfinu. Fjöldi fólks sem lýkur stúdentsprófi kemur síðan seinna í verknám. Það er mjög algengt í dag að iðnnemar séu með stúdentspróf. Af þessu er auðvitað mikið óhagræði bæði rekstrarlega og samfélagslega. Svo erum við líka að taka við töluvert mörgum nemendum sem einhverra hluta vegna hafa helzt úr lestinni og misst fótanna í öðrum skólum. Skólinn er mjög opinn og fólk hér er með stórt hjarta. Það eru margir nemendur sem hafa fundið sig hér í þessum skóla sem ekki hafa fundið sig annars staðar. Almennir eru nemendur mjög ánægðir hérna. Það gildir bæði um ungu krakkana og þá sem koma inn eldri. Vegna stærðarinnar hér og áfangakerfisins tekur alltaf smá tíma fyrir nýja nemendur að finna sig en þeir virðast samt aðlagast á ótrúlega stuttum tíma.“

Finnur fyrir þunga meðal kennara

Starfsmannavelta í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti hefur verið mjög lítil en um 100 stöðugildi kennara eru við skólann og Guðrún Hrefna segir vel ganga að manna stöður við skólann. „Það eru margir kennarar sem eru búnir að starfa hér mjög lengi. Hérna er almenn starfsánægja og góður starfsandi. Það hefur verið fjöldi umsókna um þau störf sem hafa verið auglýst og við erum í mjög góðum málum varðandi starfsfólk. Guðrún segir að niðurskurður fjármagns til skólans hafi aukið mjög álagið á kennarana og allt starfsfólk. „Ég finn fyrir þunga í fólk en nú kemur það til góða að vera með mjög reynda og góða kennara. Þeir hafa ekki kveinkað sér en maður finnur að starfið er mun

erfiðara núna en það var fyrir tveimur árum. Við höfum þurft að fjölga í nemendahópum sem eykur álag á kennara, það er minni yfirvinna sem skerðir laun fólks og það er ekki lengur hægt að leyfa sér það að kenna fámennum hópum. Það er erfiðt í skóla sem er með svona mikla fjölbreytni. Eftir því sem ofar kemur í náminu þynnast hóparnir og þetta þýðir að stundum er ekki hægt að bjóða upp á lokaáfangu.“ Guðrún Hrefna segir þó ekki hafa komið til þess að sleppa hafi þurft kennslu í heilu greinunum. Framboðinu verði að halda stöðugu. „Reyndar tókum við ekki inn nýnema í janúar í rafiðnagreinum, húsa-smíði og sjúkraliðanámi. Við höfum alltaf tekið inn nýnema í þessum greinum bæði að hausti og í janúar en vegna sparnaðar verða þeir, sem ætluðu að hefja nám í þessum greinum eftir áramót, að bíða til hausts.“ Hún segir þetta einfaldleg vegna þess að peninga skorti, aðsóknin í þessar námsgreinar sé næg. „Við tálum líka utan af allri almennri þjónustu og skoðum sparnað alls staðar,“ segir Guðrún Hrefna.

Kennarinn er hverjum skóla dýrmætastur

Það er álit Guðrúnar Hrefnu að horfa þurfi á íslenskt menntakerfi í heild. „Lykilatriði er að menntakerfið þjóni einstaklingum en við megum ekki gleyma því að það á að þjóna þjóðfélaginu líka. Þess vegna er mikilvægt að við skoðum þetta allt í samhengi en tókum ekki einhverjar tilviljanakenndar ákvarðanir. Það er ekki unnið nógu markvisst að því að ræða hvers konar nám þetta samfélag þarf. Ég er þeirrar skoðunar að það megi nota það fjármagn sem er til ráðstöfunar betur. Kennarastarfið er lykillinn að því að góð menntun sé veitt. Pawel Bartoszek skrifaði góða grein í Fréttablaðið á dögunum og talaði um að láta góða kennara kenna meira. Það dýrmætasta í hverjum skóla er kennarinn. Við þurfum að spyrja okkur hvernig við nýtum krafta kennara sem best? Hvernig getum við haldið kennurunum í kerfinu gegnum súrt og sætt og hvernig getum við veitt þeim viðunandi kjör og nýtt þeirra góðu krafta til fulls? Þetta þarf allt að skoða og líka hvað á að kenna og hvað skóli þarf að vera stór til að vera hagkvæm rekstrareining. Kennarar þurfa að geta lifað af launum sínum. Þeir eru háskólamenntaðir og mega ekki vera á lægri launum en aðrir með sambærilega menntun úti í þjóðfélaginu. Borgum kennurunum almennilega fyrir það sem þeir kunna best sem er að kenna. Því miður erum við komin í öngstræti í öllum þessum málum og þurfum að taka á þeim í samhengi svo þeir sem síst skyldu, nemendurnir, þurfi ekki að blæða fyrir,“ segir Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbrautaskólans í Breiðholti.



Texti & mynd: Haraldur Bjarnason

Eigum að byrja snemma að kenna börnum umgengni við internetið

Hafþór Birgisson tólmstundafulltrúi í Reykjanesbæ

„Á þessum fyrirlestrum, sem ég hef verið að halda fyrir foreldra og kennara fer ég í rauninni yfir ógnanir og tækifæri internetsins. Lykilatriðið í því er að við þurfum að muna að internetið er framtíðin og það er ekki eitthvað sem við getum bannað börnum og unglíngum að nota,“ segir Hafþór Birgisson, tólmstundafulltrúi í Reykjanesbæ, sem haldið hefur fyrirlestra í skólum víða um land til að fræða foreldra og kennara um hvernig bregðast megi við ýmsu sem upp getur komið varðandi internetnotkun. „Við þurfum að læra að upplifa internetið saman og gera allt sem við getum til að kenna börnum og unglíngum að upplifa internetið á ábyrgan hátt.“ Hafþór hefur staðið fyrir þessum fyrirlestrum síðan árið 2004 og segir ástæðuna fyrir því hafa verið að verulega slettist upp á vinskáp tveggja vinkvenna í félagsstarfi hjá honum í Reykjanesbæ. Hann komst að því að það var vegna eineltis á netinu. Hafþór sinnir þessu að hluta á vegum SAFT, sem er vakningarátak um örugga tölvunotkun. „Inn á vefnum saft.is eru margar góðar upplýsingar, sem bæði kennarar og foreldrar geta nýtt sér. Ég veit líka að sumir skólar hafa verið með átak, oft tengt 8. febrúar, sem er alþjóðlegur netöryggisdagur, en það er auðvitað hægt að fara í svona átak hvenær sem er.“

Varasamar netsíður

Hafþór segir foreldra, sem mæta á fyrirlestra hjá sér, vera mjög misjafnlega vel að sér í tölvunotkun eða allt frá því að vera mjög færa og jafnvel tölvunarfræðinga niður í það að hafa aldrei notað tölvu. „Ég byrja fyrirlestrana venjulega á því að reyna að skilgreina internetið,


hvað er það? Þar er hægt að fylgjast með, lesa fréttir, senda tölvupóst o.s. frv. Ég læt síðan fólk vita um ógnanir á internetinu sem geta verið mjög víða. Jafnvel spjallsíður, sem virka saklausar, geta verið stórvarasamar. Ég get t.d. nefnt formspring, sem er vinsæl síða meðal barna og unglínga í dag og er að verða ein sú versta eineltissíða sem ég hef séð. Ég segi þetta vegna þess hvernig formspring virkar. Krakkarnir stofna þar sína eigin síðu og biðja síðan jafnaldra sína að spyrja sig að einhverju undir nafnleynd. Þetta þróast oft út í einhver leiðindi vegna nafnleysisins og þeir eru margir sem ekki hafa getað mætt í skólann eða tekið þátt í félagsstarfi út af þátttöku sinni þar.“

Fulloröna fólk er oft ekki betra

Facebook og bloggsíður koma líka við sögu í fyrirlestrum Hafþórs. „Facebook var nú ekki til þegar ég var að byrja með þessa fyrirlestra þannig að segja má að fyrirlestrarnir hjá mér hafi þróast með breyt-

„Við þurfum að læra að upplifa internetið saman“

„Ég hef vakið athygli á því hversu ofbeldisfullir margir leikir eru á netinu“



ingum á internetinu. Það gilda sömu lögmálin í þessu öllu en þau eru að setja ekki neitt inn á internetið sem maður getur ekki staðið við. Ég hef verið að segja við unglingsana að það sem getur verið fundið að setja inn í sjöunda eða áttunda bekk er kannski ekkert rosalega fundið fjórum til fimm árum seinna. Þetta eyðist ekki út og það er auðvelt að taka afrit af öllu sem fer inn. Mörg dæmi eru um að afrit hafi verið tekið og það notað gegn viðkomandi löngu eftir að búið er að eyða viðkomandi síðu. Þá kárnar gamanið verulega þegar fólk þarf að fara að standa við eitthvað sem það taldi sig vera búið að eyða út. Það eru nánast daglega að koma einhver mál af þessu tagi. Ekki bara hjá unglingsum, heldur foreldrum þeirra líka og jafnvel kennurum. Fullorðna fólkið er oft ekkert betra en börn og unglingsar í því sem það er að segja í netheiminum. Lúkasarmálið er nú eitt þekktasta eineltismál sem upp hefur komið í netheiminum á Íslandi þar sem ungur piltur var sakaður um að hafa unnið hundi mein. Síðar fannst svo hundurinn bráðhress eftir að pilturinn hafði verið dæmdur á netinu, kertafleytingar hafðar í frami og hvaðeina. Þessi piltur missti vinnuna og mannorðið. Hann er nú með dómsmál í gangi og hefur þegar samið við einu sem raunar misþyrmdi honum á netinu. Þarna er augljóst dæmi um hættuna og hvernig fólk missir sig á netinu.“

Bardagaleikir á leikjaneti

Hafþór segir líka að fólk gefi allt of miklar persónulegar upplýsingar um sig á netinu. „Ég held að það sé samt að lagast. Sérstaklega finnst mér þetta hafa lagast á Facebook. Það eru ýmsar rannsóknir um net-

notkun í gangi og þær sýna t.d. að börn og unglingsar eru í auknum mæli að átta sig á því að ákveðnar upplýsingar eiga ekki erindi á internetið. Hugsanlega er fullorðna fólkið ekki alveg búið að átta sig á þessu því mjög margir segja t.d. frá því hvert og hvenær þeir eru að fara í frí og gefa þannig innbrotshjófum færi á að leika lausum hala. Leikir á internetinu kom líka mikið til umfjöllunnar hjá mér. Ég hef vakið athygli á því hversu ofbeldisfullir margir leikir eru á netinu. Inn á leikjanet.is eru leikir sem eiga ekkert erindi til barna. Sjálfur á ég sjö ára strák og hef prófað þetta á eigin skinni. Ég sá að hann sótti í miður skemmtilega leiki. Þarna inni á leikjanet.is eru 195 bardagaleikir en það eru bara 26 barnaleikir. Hins vegar eru til síður sem eru með mjög vandaða leiki sem geta þroskað börn. Ég bendi t.d. á nams.is en þar eru leikir eins og innipúkinn og fleiri góðir, sem ég mæli með. Það er allt of mikið um það að fullorðið fólk noti tölvuna sem barnapú og segi krökkunum bara að fara inn í herbergi í tölvuleik. Það fólk áttar sig oft ekki á því hvaða leiki börnin fara í.“

Hann er betri í fótbolta en ég er betri í tölvuleik

Hafþór segir að foreldrar eigi snemma að byrja á því að takmarka tíma barna sinna í tölvunni. „Margir foreldrar eiga í þessum vandræðum. Það er best að semja um einhvern ákveðinn tíma sem fyrst. Dæmin sýna að krakkar, sem eru orðnir mjög færir í einhverjum leikjum, setta sig ekki við það allt í einu að tíminn sé takmarkaður. Þegar svona er komið vilja þau jafnvel vera fram á nótt í einhverjum leikjum og vitna þá gjarnan í það að þau séu best í þessum leik á Íslandi en bróðirinn

„Þetta þróast oft út í einhver leiðindi vegna nafnleysisins og þeir eru margir sem ekki hafa getað mætt í skólann“

eða vinurinn sé bestur í fótbolti. Unglingurinn spyr því af hverju það sem þeir séu að gera sé viðurkennt en ekki það sem hann gerir. Margir hafa lent í vandræðum með þetta.“ Hafþór segir leikina flesta ganga út á ofbeldi og reyndar hafi börn alltaf horft á ákveðið ofbeldi í teiknimyndum og margir fyrstu tölvuleikirnir hafi líka byggt á ofbeldi. „Munurinn í dag er hins vegar sá að graffikin í þessum leikjum er orðin svo góð og þetta er svo raunverulegt allt saman.“ Hann segist mjög hlynntur því að tölvur séu hafðar í alrými á heimilunum en ekki inn í herbergjum. „Hafið tölvurnar bara í stofunni. Þórólfur Þórlindsson prófessor sagði á dögnum að börn flytji fyrr að heiman í dag en áður fyrr. Þá á hann við að unglingsarnir flytji úr sameiginlegu rými fjölskyldunnar inn í herbergin og loki sig þar af. Þar með rjúfa þau tengslin við fjölskylduna. Mín kynslóð horfði saman á sjónvarpið á kvöldin en nú er þetta bara allt tekið í tölvuna og börnin borða jafnvel kvöldverðinn sinn inn í herbergi. Svo hef ég velt því upp hvaða leiðir séu til fyrir foreldra. Ég hef til dæmis kynnt netvarann sem er frá Símanum en helst hefði ég viljað sjá að öll símafyrirtækin væru saman með þetta úrræði. Ástæðan fyrir því að ég mæli með netvaranum er sú að ég veit að það er fullt af fólki sem ekki treystir sér í neinar æfingar með tölvurnar. Netvarinn lokar á ýmislegt, bæði óæskilegar síður og vafasama leiki. Síðan var mér bent á forrit af tölvunarfræðingi fyrir nokkrum árum sem fylgir öllum nýjum tölvum með Windows stýrikerfi en ég er nokkuð viss um að foreldrar hafa ekki hugmynd um hvernig eigi að virkja það. Þar er t.d. tímastillir sem takmarkar tímann. Þarna er líka hægt að læsa tölvunni á ákveðnum tímum, t.d. á nóttunni og kannski líka á morgnanna klukkan átta til tvö því maður veit dæmi þess að börn og unglingar fari af stað í skólann á morgnanna en laumi sér síðan heim í tölvuna án þess að mæta í skólann. Í þessu kerfi er líka hægt að ákveða hvaða síður og leiki börnin geta farið í. Foreldrar geta þannig valið þann pakka. Þannig geta foreldrar skoðað leiki með barninu og valið þá leiki sem þeim þykja henta. Mikilvægast af öllu er að fullorðnir, börn og unglingar ræði saman og öllum sé ljóst hvað er á ferðinni.“

Neteineltið nær inn í skólana

Hafþór segir kennara auðvitað verða vara við netvandamál og neteinelti meðal nemenda sinna. „Að sjálfsögðu bitnar þetta á náminu og neteineltið fer með krökkunum inn í skólana. Nú eru mörg þeirra komin með netið í farsímanum sína og geta þess vegna verið að laumast í þetta í frímínútum. Þetta er eilíf barátta og ekki einhver orusta sem unnin er á einni nóttu. Við þurfum að vekja upp jákvæða netmenningu og kenna börnunum strax að fara vel með þessa tækni sem er til svo margs góðs.“ Hafþór segist fá mikil viðbrögð á fyrirlestrunum, bæði frá kennurum og foreldrum. „Viðbrögðin eru ekki síst frá foreldrum sem eru búnir að reyna ýmislegt í þessum málum. Skólastjórnendur



Reglur um tölvunotkun

- Ég gef aldrei neinum upp aðgangsorð mín, t.d. að tölvupósti eða blogg síðu, [nema foreldrum](#) sem verða alltaf að vita aðgangsorðin.
- Ég nota aldrei nafn mitt, ártal sem er fædd [eða neitt sem tengist minni persónu](#) þegar ég bý til nick eða aðgangsorð.
- [Við vitum aldrei við hverja við erum í tölvusambandi við. fólk segir ekki alltaf satt og segist stundum vera annað en það er. Þess vegna mun ég aldrei:](#)
 - gefa upp persónulegar upplýsingar, þ.e. nafn, heimilisfang, símanúmer eða nafn skóla.
 - senda myndir af sjálfri mér, vinum eða fjölskyldu.
 -fallast á að hitta einhvern sem ég þekki ekki, nema í fylgd foreldra.
- Ég tala bara við fólk sem ég þekki, vini eða fjölskyldu, á MSN og [hleypi engum inn á contact listann sem ég þekki ekki.](#)
- Ég lofa að segja [foreldrum frá. og biðja um aðstoð þegar ég lendi í erfiðum aðstæðum.](#) t.d. koma skilaboð sem ég skil ekki, fólk sem ég þekki ekki vill fá miklar upplýsingar um mig, biður mig að gera skrátna hluti, og hvað sem er.
- Ég nota bara tölvuna þegar [foreldrar eru heima](#) og með [leyfi](#) foreldra.
- Ég er ekki lengur en [1 klst. á dag](#) í tölvunni.
- Foreldrar [mega breyta](#) þessum samningi ef þeir telja þörf vera á.

Reykjanesbær 22.maí 2007

Eitt foreldrana sem fór á fyrirlestur hjá Hafþóri sendi honum þessar reglur sem settar höfðu verið á heimilinu.

hafa líka sagt mér að mikið af agavandamálum í skólum í dag megi rekja til netnotkunar. Börn og unglingar eru í tölvu fram á nóttu og koma lítt eða ekkert sofinn í skólann til að takast á við krefjandi námsefni. Netfíkn er að verða stærri ástæða fyrir brotfalli nemenda úr framhaldsnámi en fíkniefni og áfengi. Þetta hefur komið fram í rannsóknunum og er verulegt umhugsunarefni. Þess vegna er svo mikilvægt að setja reglur strax.“ segir Hafþór Birgisson og dregur upp reglur sem ein móðirinn sendi honum og hafði samið. Hann segir líka gott að setja netreglurnar fimm, sem til séu á segulplötum, á ísskápinn heima. „Það eru til dæmi um slæmar afleiðingar og það er mikilvægt að við séum vakandi yfir öllu sem getur komið upp á.“



ÞÚ...

... getur leitað lausna
í samstarfi við okkur.

HVAÐ
GETUM
VIÐ
GERT FYRIR
ÞIG? 

Kynntu þér lausnir fyrir heimilin á byr.is. Með persónulegri þjónustu
reynnu við að finna lausnina fyrir þig.

Sími 575 4000 | byr@byr.is | www.byr.is

**BYR**



Hanna Berglind Jónsdóttir



Texti: Haraldur Bjarnason
Myndir: Finnboqi Marinósson

Niðurskurðurinn er fyrirferðarmikill í umræðunni

Hanna Berglind Jónsdóttir leikskólakennari

Hanna Berglind Jónsdóttir er leikskólakennari í Síðuseli á Akureyri. Hún er jafnframt ritari í stjórn Félags leikskólakennara og situr fyrir hönd þeirrar stjórnar í samninganefnd Félags leikskólakennara. Hanna Berglind er líka fulltrúi FL í stjórn Kennarasambands Íslands. Hanna Berglind segir leikskólakennara verða vara við sparnað víðs vegar. Á Akureyri hafi yfirvinna verið lágörkuð sem þýði m.a. færri starfsmannafundi yfir árið. Peningar séu minni til innkaupa og engir peningar séu settir í endur- og símenntun. „Það nýjasta er svo að ráðningarbann er þegar 90% starfsmanna eru fagmenntaðir, þrátt fyrir að hlutfall leikskólakennara nái ekki 2/3 í heildina. Í október 2010 var hlutfall leikskólakennara 68% og aðrir fagmenntaðir voru tæp 9% við 13 leikskóla á Akureyri. Svo hefur veikindaafleysingum fækkað.“

Óttumst frekari niðurskurð

Hanna segir að leikskólakennarar verði óneitanlega varir við niðurskurð. „Niðurskurðurinn er frekar fyrirferðarmikill á starfsmannafundum þessa dagana og þar veltum við fyrir okkur úrlausnum og leiðum til að halda uppi því faglega starfi sem við innum að hendi á hverjum degi. Við skoðum hvar við getum skorið niður ef haldið verður áfram að sauma að okkur. Frekari niðurskurður er það sem við óttumst og að faglega starfið minnki í kjölfarið. Það er súrt að allt það frábæra starf, sem byggt hefur verið upp af mikilli eljusemi á undanförunum árum minnkar til muna,“ segir Hanna Berglind.

Svipað hjá flestum sveitarfélögum

Að mati Hönnu Berglindar er sparnaðurinn í leikskólastarfinu svipaður hjá öllum sveitarfélögum í landinu. „Yfirvinna er tekin af eða minnkuð,

„Það nýjasta er svo að ráðningarbann er þegar 90% starfsmanna eru fagmenntaðir“

minni peningar eru settir í innkaup ásamt endur- og símenntun. Þá hafa ýmis afsláttarkjör þeirra sem vinna á leikskólum verið tekin af ásamt tímabundnum einingum og föstum yfirvinnutímum. Mér sýnist sparnaðarleiðirnar vera svipaðar hjá flestum sveitarfélögum. Hún segir sparnaðinn koma niður á skólastarfinu og börnunum.

„Já ég hef áhyggur af öllu því frábæra starfi sem hefur verið að byggjast upp á þeim tæpu 11 árum sem eru liðin frá því að ég útskrifaðist sem leikskólakennari og auðvitað lengur. Á þessum árum hefur mikið og metnaðarfullt starf þróast. Allir leikskólarnir á Akureyri hafa verið í einhvers konar þrónunarstarfi og búið til kennsluefni. Eftir að aðalnámskrá leikskóla kom út 1999 hafa allir leikskólur gert skólánámskrár sem eru mjög vandaðar og ítarlegar og eru endurskoðaðar á hverju ári. Samkvæmt lögum ber okkur að sinna mati á skólastarfinu.



Hanna Berglind við störf á leikskólanum Síðuseli á Akureyri. Þegar þessar myndir voru teknar var náttfatadagur hjá börnunum.

„Til að fólk sé tilbúið að leggja á sig fimm ára nám, þarf það að fá mannsæmandi laun“

Akureyrarbær ákvað að allir leikskólar innleiddu agastefnu og það líður að því að skrifa þurfi nýjar skólanámskrár samkvæmt nýrri og stórbreyttri Aðalnámskrá. Allt þetta ber okkur að gera þrátt fyrir að vera með 90% kennsluskyldu, ekki er sett inn aukafjármagn eða sveigjanleiki til að skapa tíma til þessarra starfa. Sífellt er verið að bæta á okkur vinnu sem við eigum að sinna utan kennsluskyldunnar, þ.e. í okkar undirbúningstíma. Leikskólakennarar hafa áhyggjur af því að komast ekki yfir allt sem þeim ber að gera, með einungis 4-5 tíma undirbúning á viku. Til viðbótar skipuleggjum við allt starf, gerum kennsluáætlanir og verkefni innan og utan leikskólans ásamt því að sinna öllu foreldrasamstarfi. Því miður fellur undirbúningur allt of oft niður, sökum manneklu. Ef áfram heldur sem horfir hlýtur það að bitna á starfinu með börnunum. Auðvitað viljum við sinna þessum verkefnum, efla fagmennsku og gangsæi eins og hægt er en við verðum að hafa tíma til þess svo verkefnið verði vel unnið.

Foreldrarnir virðast ánægðir

EKKI heyrst mikið frá foreldrum á Akureyri varðandi þessi mál að mati Hönnu Berglindar og í skoðanakönnunum undanfarinna ára segir hún að komið hafi fram almenn ánægja þeirra og foreldrarnir segi að börnunum líði vel. Þeir virðist því sáttir við þá þjónustu sem þeir hafi fengið hingað til. „Þess vegna er mikilvægt að halda þessum gæðum. Við þurfum að vernda störfina, í leikskólunum til að halda gæðunum og fagmennskunni á lofti, það er gríðalega mikilvægt, leikskólinn er jú fyrsta skólastigið. Hann er „viðbótaruppeldisaðili,“ eins og stendur í aðalnámskránni, ef við látum þetta frá okkur þá förum við tugi ára

aftur í tímann þegar leikskólar sinntu aðallega gæsluhlutverki. Það megum við ekki láta gerast.“

Leikskólastjórum má ekki fækka

Hanna Berglind segir að í leikskólum landsins fari fram mjög metnaðarfullt starf þar sem leikskólakennarar og leikskólatjórastjórar séu í broddi fylkingar. Þetta fólk sé að efla og þróa starfið ár frá ári. „Inn í leikskólunum verður til mestur hluti þess kennsluefnis sem leikskólarnir nota, engri stofnun ber lögum samkvæmt að gefa út námsefni fyrir þetta skólastig. Því er kennsluefnisgerð í höndum leikskólanna sjálfra. Eflaust á kennsluefni eftir að aukast nú þegar leikskólakennaranámið er komið á meistarastig og orðið fimm ár. Eins verða til mun fleiri íslenskar rannsóknir sem við getum byggt starfið okkar á. Til að fólk sé tilbúið að leggja á sig fimm ára nám, þarf það að fá mannsæmandi laun. Að sama skapi þurfum við sem erum í starfinu í dag að fá vinnuna okkar metnaðarfullt og verðleik. Við höldum áfram að missa framúrskarandi fólk úr stéttinni með mikla þekkingu og reynslu á bakinu ef við snúum ekki vörn í sókn og förum fram á verulega leiðréttingu launa. Öll sú metnaðarfulla vinna, öll sú þróun sem til er og öll fagmennskan sem einkennir leikskólastarfið er í verulegri hættu ef fram heldur sem horfir. Leikskólastjórnir halda utan um faglegt starf leikskólanna og halda utan um vinnustaðinn dag frá degi, þar sem í mörgu er að snúast. Ég óttast mjög um hag leikskólanna ef leikskólastjórunum fækkar. Stjórnun leikskóla er með mörgum hætti ólík stjórnun annarra skólastiga því tel ég það grundvallaratriði að stjórnun þeirra sé í höndum leikskólastjóra.“



Sigurgeir Sveinsson

„Nemendum fjölgar í kennsluhópum, sem þýðir minni þjónustu fyrir hvern nemanda“

Texti & myndir: Haraldur Bjarnason

Óvissan fyrir kennara og nemendur er verst

Sigurgeir Sveinsson formaður Kennarafélags Fjölbrautaskóla Vesturlands

„Hér er fólk hugsi og veit ekki hvað er framundan. Það hefur enginn niðurskurðartillaga komið fram ennþá en við vitum að það verður niðurskurður“, segir Sigurgeir Sveinsson, formaður Kennarafélags Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Í skólanum eru um 500 nemendur og kennaraliðið telur um 50 manns. Tveir aðrir og mun yngri framhaldsskólar eru á Vesturlandi en það eru Menntaskóli Borgarfjarðar í Borgarnesi og Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði. Skólameistarar þessara skóla hafa nú í vetur fundað með menntamálaráðherra um aukið samstarf eða jafnvel sameiningu. Þær viðræður eru á byrjunarreit og því ekkert vitað hvað kemur út úr þeim.

Þingmenn varaðir við niðurskurði

Kennarar í FVA hafa sent frá sér ályktanir til þingmanna þar sem þeir vara við niðurskurði, sérstaklega í starfs- og iðnnámi. „Nemandi sem klárar starfs- eða iðnnám á fjórum árum er kominn með ákveðinn starfsréttindi en nemandi sem klára bóklegt nám á sama tíma er bara með aðgang inn í annan skóla og á þá eftir önnur fjögur ár til starfsréttinda að lágmarki,“ segir Sigurgeir og bendir á að hætta sé á að horft sé í kostnaðinn við starfs- og iðnnám miðað við bóknaðið. „Stærsta vandamálið í skólakerfinu varðandi iðnnemana í dag er að ef iðnnemi, sem lokið hefur námi í skóla kemst ekki á samning hjá meistara þá getur hann ekki lokið náminu og jafnframt ekki tekið viðbótarnám til stúdentsprófs því skilyrði fyrir því er að hann hafi klárað iðnnámið. Hann þarf að vera 72 vikur úti á vinnumarkaðnum. Þetta þyrfi að breytast miðað við stöðuna sem er í þjóðfélaginu í dag.

Hins vegar ef við tökum dæmi af nemanda á náttúrufræðibraut sem klárar hana með stúdentsprófi, þá getur hann strax eftir það farið í iðnfræði.“

Fleiri nemendur í kennsluhópum

Sigurgeir segir kennarana í skólanum finna fyrir niðurskurðinum á öllum brautum þannig að minna námsframboð sé fyrir nemendur og þar með hafi nemendur minna val. „Það verður alltaf fámenni í vissum námsgreinum sem gerir það að verkum að námið er fellt niður. Þetta kemur ekki bara niður á starfs- og iðnmenntum heldur einnig niður á bóknaðsbrautum. Mér sýnist þetta dreifast nokkuð jafnt yfir skólann. Við verðum líka vör við að nemendum fjölgar í kennsluhópum, sem þýðir minni þjónustu fyrir hvern nemandu en áður var. Hvernig á t.d. kennari sem kennir eðlis- og efnafræði að sinna um og yfir 30 nemendum í verklegri kennslu? Það er bara ekki hægt. Þetta þýðir einfaldlega að nemandi fær ekki það sem hann á að fá og þarf áður en hann fer í háskólann. Í iðnnámi er viðmiðunartalan 12 nemendur til samburðar við þetta. Við eigum að spara og draga saman og héra í þessum skóla höfum við dregið verulega saman starfseminu. Nú er bara svo komið að við þolum ekki meira. Ef skólinn þarf að skera niður meira núna þá gerist það ekki nema til komi einhverjar stórkaralegar aðgerðir eins og að fækka námsbrautum og um leið kennurum,“ segir hann.

Ráðherra kom í heimsókn

Þegar drög að fjárlagafrumvarpi lágu fyrir síðasta haust sendi Kennarafélag FVA bréf til þingmanna og deildarstjórar skólans sendu einnig

erindi til menntamálanefndar þar sem óskað var eftir fundi til að ræða fyrirhugaðan sparnað. Þá kom menntamálaráðherra í heimsókn í skólann í kjölfarið. „Ráðherra kom hingað með fríðu föruneysi og það var mjög góð heimsókn. Við vitum auðvitað ekki hvort eitthvað kom út úr þessari heimsókn en hópurinn skoðaði skólann og fékk að vita um það sem hér væri boðið upp á. Þetta var þægilegt spjall og ég var mjög ánægður með ráðherra og ráðuneytisfólk. Við vorum ekki að ræða þennan skóla hér endilega heldur bara framhaldsnám yfirleitt. Til dæmis það að þar sem bóknámsskólar eru settir niður þar fækkar nemendum í iðn- og starfsnámi. Þetta sjáum við hér á Vesturlandi.“

Í ályktun sem Kennarafélag FVA sendi þingmönnum og ráðherrum Norðvesturkjördæmis í haust er harðlega mótmælt fyrirhuguðum niðurskurði hjá fjársveltum ríkisstofnunum sem setta höfðu verið fram. Þar segir að þessar hugmyndir bitni illa á framhaldsskólunum sem alltaf hafi borð skarðan hlut frá borði í fjárlögum síðustur áratuga. Að fara fram á frekari niðurskurð sé líkt og að biðja sköllótan mann að gefa há. Þá segir m.a. í ályktuninni að í kjölfar bankahruns og peningæðis, þar sem þykjusturíkídæmi brann upp á einni nóttu, sér rétt að minna á að sú innistæða sem ríki á í vel mentuðum þegnum rými aldrei.

Kjaraskerðing kennara er ekki það versta

Í erindi sem deildarstjórana í málmiðgreinum, rafíðngreinum og bygginga- og mannvirkjagerð í FVA sendu menntamálanefnd síðasta haust benda þeir á að niðurskurður til skólans frá árinu 2007 hafi verið mjög mikill og ef áform um 8,4% niðurskurð gangi eftir sé hann orðinn 22% að raungildi frá árinu 2007. Deildarstjórnir benda á að í Fjölbraitaskóla Vesturlands á Akranesi séu þrjár iðnbrautir eftir sem



Fjölbraitaskóli Vesturlands á Akranesi

verði að vernda. Aðrar starfsmenntabrautir (sjúkraliðabraut, tölvubraut og meistaraskóli) hafi verið lagðar niður a.m.k. tímabundið. Á mjög stuttum tíma hafi nokkrum greinum verið hætt í nafni sparnaðar s.s helgarnámi fyrir húsasmiði, kvöld- og helgarnámi vélvirkja og sérgreinum á sjúkraliða- og tölvubraut.

Sigurgeir segir að auðvitað hafi kennarar tekið á sig kjaraskerðingu en það sé ekki eina stóra málið í þessu samhengi. Þeir hafi einnig áhyggjur af minnkandi námsframboði og skertri þjónustu við nemendur.

Framhaldsskólakennarar!

Umsóknarfrestur um eftirfarandi styrki er til 30. apríl og 31. október

- Fræðslufundir hjá fagfélögum
- Námskeið og fyrirlestrar í skólum
- Námskeiðsstyrkir til einstaklinga
- Styrkir til fagfélaga vegna ferða á ráðstefnur

Minnum á fjölbreytt framboð sumarnámskeiða.

Upplýsingar á vefnum endurmenntun.is/framhaldsskolakennarar og í síma 525 4444. Fagfélög framhaldsskólakennara veita einnig upplýsingar.



MEYNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

SEF

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara

Texti: Páll Guðbrandsson
Páll er markaðs- og sölustjóri lestu.is og skólavefurinn.is
Myndir: Markús B. Leifsson

Hugleiðing um rafbækur

Smæð Íslands og tollflokkun lesbretta hafa átt hvað stærstan hlut í því að rafbækur eru enn ekki orðnar útbreiddari á Íslandi en raun ber vitni. Í desember 2010 kom fyrsta rafbókin á íslensku í sölu og í janúar 2011 opnaði Katrín Jakobsdóttir, menntamálaráðherra, fyrstu íslensku rafbókasíðuna, lestu.is. En hvert er málið með rafbækur? Af hverju eru þær svona merkilegar og hvaða áhrif geta þær haft á íslenskt skólakerfi?

Hvað er rafbók?

Tækninýjungar spretta fram hver á fætur annarri; þegar fólk er loksins farið að venjast farsímum koma snjallsímarnir og þegar fólk er farið að venjast fartölvunum koma spjaldtölvurnar. Svona heldur þetta áfram, prófið bara að gúggla *nanocomputer* eða *quantumcomputer*! Nú þegar spjaldtölvur (e. *tablet computer*) og lesbretti (e. *e-reader*) eru að verða útbreidd hefur opnast nýr heimur í notkun rafbóka. Hér er rafbók skilgreind sem hver sá texti sem ætlað er að lesa í tölvu, lesbretti eða öðrum rafrænum miðlum. Rafbækurnar hafa lengi verið til en það var fyrst með tilkomu lesbretta eins og Amazon Kindle og Sony Reader sem þær náðu vinsældum fyrir alvöru. Þær vinsældir munu bara aukast eftir að Apple setti iPad-spjaldtölvuna á markað í apríl 2010. En hvernig hefur þetta áhrif á skólasterf?

Betri árangur seinlæsra

Þar sem prentkostnaður er stór hluti kostnaðar við bókaútgáfu er ljóst að rafbókin sjálf ætti að verða ódýrari en prentaða bókin. Eins ætti að vera auðveldara að raða saman efni sem hentar námsskránni og einstaklingsmiða námsefnið í takt við þarfir hvers og eins. Rannsóknir benda til þess að seinlæsir nemendur nái betri árangri með notkun rafbóka en hefðbundinna bóka. Stuðningur við nemendur með sjónskerðingu, lesblindu eða aðra sjónræna kvilla er einnig góður þar sem auðvelt er að stækka letur, breyta bakgrunnslitum og leturgerð. Rafbókavæðing myndi líka stórauka úrvalið á bókasöfnum skólanna.

Ein sterkustu rökin með rafbókum eru þau að börnin, sem eru í grunnskóla í dag, eru af tölvukynslóð. Þau kunna sum hver átta ára gömul betur á tölvur en foreldrar þeirra. Þau leika sér á netinu, spjalla á netinu, þau hittast á „webba“ (tala saman í gegnum vefmyndavél) og að hluta til læra þau á netinu. Þau skoða Wikipedia þegar þau þurfa að komast að einhverju um Grikkland og hjálpast að við að leysa stærðfræðidæmi á Huga. Nemendur eru áhugasamir um rafbækur og munu þær eflaust vekja áhuga margra nemenda sem helst ekki vilja líta við hefðbundnum bókum.

Ekki bara til að spara

Eftir hverju er þá verið að bíða? Ekki voru allir jafn ánægðir með hugmyndir Schwarzeneggers og félagi í Kaliforníu þegar hann stakk upp á því að skipta öllum prentbókum út fyrir rafbækur. Innleiðing rafbókanna myndi kosta gríðarlegar fjárhæðir og átti Arnold erfitt með að sýna fram á sparnað með óumdeilanlegum hætti. Gallinn var sá að



Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra opnar lestu.is 13. janúar 2011



Frá opnun lestu.is. F.v. Ragnheiður Tryggvadóttir framkvæmdastjóri Rithöfundasambandsins, Andri Snær Magnason rithöfundur, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, Páll Guðbrandsson markaðs- og sölustjóri lestu.is, Jökull Sigurðsson framkvæmdastjóri lestu.is og Ingólfur B. Kristjánsson ritstjóri Lestu.is.



Lesbrettið Kindle frá Amazon.com er einfalt og handhægt tæki

hugmyndir ríkisstjórans snerust alfarið um sparnað. Ætlunin var ekki að innleiða rafbækur þar sem þær væru betri kennslumiðill heldur af því að þar var á blaði hægt að spara peninga í menntakerfi sem sinnir 6,4 milljónum nemenda og eyðir 350 milljónum dollara í námsgögn á ári (það eru 40 milljarðar króna). Þessi forgangsroðun og hár byrjunarkostnaður felldu þessa tilraun áður en hún fór af stað.

Tími til að hefja byltinguna

Hér á Íslandi eru u.þ.b. 40.000 nemendur í grunnskóla, tölvulæsi og tölvueign með því mesta sem gerist í heiminum og ætti alla jafna að vera auðveldara að innleiða nýja tækni sem þessa. Það er þó ljóst að í því árferði sem nú ríkir er erfitt að sjá fyrir sér að allsherjar rafbókavæðing verði á Íslandi, enda erfitt að sjá svona breytingu eiga sér stað á einni nóttu. Upphafskostnaðurinn er þó nokkur og felur í sér kaup á tækjum, þjálfun starfsfólks og nemenda, auk þess sem útgefendur þurfa að inna af hendi talsverða vinnu við að bjóða upp á efni sitt í rafbókaforni.

Það er þó mat okkar á lestu.is að ekki sé seinna vænna að hefja byltinguna. Ljóst þykir að til langframa eru rafbækurnar ódýrari kostur en þær prentuðu auk þess sem þær bjóða upp á fjölbreytta notkunarmöguleika í náminu, en Róm var ekki reist á einum degi (það er reyndar enn verið að byggja í Róm). Rafbækurnar munu til að byrja með nýtast sem stoðtæki í skólunum, stuðningur við lesblinda, sjónskerta og fleiri. Þær geta nýst í hópavinnu og til að sækja efni sem ekki er til á bókasafninu. Lestu.is er fyrsta íslenska rafbókasiðan og er þar nú þegar að finna prýðilegt úrval sígildra bókmennta, ljóða og barnabóka. Er minnst einni bók bætt á síðuna í viku hverri. Innan skamms munu svo allar bækur Skólavefsins verða aðgengilegar í rafbókaforni á lestu.is. Íslendingasögurnar og fjölmargt lesefni fyrir skólana verður hægt að nálgast á lestu.is á næstunni. Lestu.is heldur einnig úti bókmenntatímariti sem kemur út annan hvern mánuð og mun að auki standa fyrir örnámskeiðum á vefnum um valda höfundu eða verk.



Björninn sem aldrei varð reiður er skemmtileg barnabók sem finna má á lestu.is

Án endurgjalds út þetta ár

Það er því ljóst að boltinn er farinn að rúlla og hægt er að byrja að nota rafbækur í íslensku skólastarfi. Á lestu.is er að finna mikið af efni sem nýst getur í kennslu og mun það stóraukast á næstu misserum. Við viljum því hvetja skóla, kennara og yfirvöld til þess að taka þessa nýju tækni í sína þjónustu. Lesbretti og spjaldtölvur eru sífellt ódýrari og við á lestu.is erum alltaf tilbúin að veita ráðgjöf og aðstoð varðandi notkun og kennslu á slík tæki. Kostnaðurinn við eitt lesbretti fyrir skólabókasafnið jafnast út þegar tugir bóka eru sóttir á lesbrettið án endurgjalds. Þeir skólar sem eru með áskrift að Skólavefnum fá aðgang að lestu.is án endurgjalds út árið 2011. Hikið ekki við að hafa samband við lestu.is ef þið viljið fræðast nánar um möguleikana á notkun rafbóka í skólafarfinu.

Átta nætur
Slóvenía Beint flug frá Akureyri 24. júní - 2. júlí
 Verð frá kr. 165.000 (Flugvallarskattar innifaldir)

Slóvenía & Króatía - Ljubljana & Portoroz
 Alparnir & Portoroz - Hjólreiðaferð

Ferðaskrifstofan
NONNI TRAVEL
 Sími: 461 1841 - www.nonnitavel.is



Texti: Leifur Gústafsson

Leifur er fagstjóri áhættumats hjá Vinnueftirlitinu - www.vinnueftirlit.is

Skólastjórar - vinnuvernd og ábyrgð

Dagleg samskipti eru milli Vinnueftirlitsins og skóla landsins. Um það bil tíu eftirlitsmenn um allt land heimsækja leikskóla, grunnskóla og aðrar skólastofnanir.

Í þeim skólum þar sem ekki liggur fyrir skrifleg áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað (áhættumat) gefur eftirlitsmaður Vinnueftirlitsins fyrirmæli um það.

Skólastjóri er samkvæmt vinnuverndarlögunum (nr. 46/1980) túlkadur sem atvinnurekandi og ber þar með ábyrgð á gerð áhættumats sem á að taka til allra starfsmanna skólans. Hann ber einnig ábyrgð á að vinnuverndarstarf við skólann sé í lagi, t.d. að starfandi séu öryggis-trúnaðarmenn og öryggisverðir. Eitt helsta hlutverk öryggistrúnaðarmanna og öryggisvarða er að taka þátt í að gera áhættumat starfa.

Skólastjórar bera ábyrgðina

Oft leiðir áhættumatið í ljós að úrbóta er þörf. Ráðast skal strax í þær úrbætur sem auðvelt er að gera. Mikilvægt er að forgangsraða þeim úrbótum sem eftir standa og gera þarf samkvæmt áhættumatinu. Það er hlutverk skólastjóra að samþykkja endanlega þau atriði sem þarfnast úrbóta og tímasetta framkvæmdaáætlun þar sem ábyrgðarmenn úrbóta eru tilgreindir. Skólastjóri hefur ákveðið svigrúm varðandi úrbætur en þó ekki alltaf.

Dæmi 1. Áhættumat leiðir í ljós að mjög heitt er á kennarastofu á sólríkum dögum. Ein af tillögum skv. áhættumati er að bæta við opnanlegum fögum á glugga kennarastofunnar. Skólastjóri telur að vandamálið skapi ekki mikla hættu en ákveður að kaupa viftu og láta dýrari úrbætur bíða fram á næsta fjárhagsár.

Dæmi 2. Samkvæmt áhættumati er fúkkalykt í smíðastofu og raki í gólfi. Nemendur og kennarar hafa ítrekað kvartað. Eigandi húsnæðisins lagar ekki vandamálið þrátt fyrir ítrekaðar beiðir skólastjóra. Telji skólastjóri að fólk sé í hættu ber honum að stöðva vinnu í smíðastofunni og loka henni þar til úrbætur hafa farið fram.

Hafa samband ef vafamál koma upp

Það er hlutverk skólastjóra sem ber ábyrgð á daglegum rekstri, en ekki leigusala, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustaðnum.

Oft eru leigusamningar með ákvæði um að leigusali ábyrgist að húsnæðið uppfylli kröfur sem opinberir aðilar geri til húsnæðis, eins og t.d. kröfur heilbrigðis- og eldvarnaeftirlits.

Ef starfandi eru á svæði skólans verktakar eins og t.d. ræstitæknar, matreiðslufólk og heilbrigðisstarfsmenn er skylt að hafa samband við þá aðila og koma á samvinnu um gerð áhættumats fyrir vinnustaðinn í heild.

Skólastjórar og skólafyrirvöld geta haft samband við Vinnueftirlitið komi upp vafamál um ábyrgð.



Áhættumat starfa þarf að ná til allra þátta vinnunnar.



Mynd úr safni. Myndin tengist ekki efni greinarinnar beint.

Traustur sjóður, örugg samfylgd

Hlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarsparnaði sjóðfélaga. Hvort sem þú greiðir í A- eða B-deild LSR ætti framlag í Séreign LSR að vera eðlileg viðbót.

Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.

www.lsr.is



Bankastræti 7 • 101 Reykjavík
Sími: 510 6100 • Fax: 510 6150
sereign@lsr.is • www.lsr.is



Anna Magnea Hreinsdóttir

Texti: Anna Magnea Hreinsdóttir, Ph.D. í menntunarfræðum

Prófreak í leikskólum?

Jón Torfi Jónasson talar um *bóknámsrek* leikskólustarfs í bók sinni *Frá gæslu til skóla*, að vinnubrögð grunnskóla haldi innreið sína í leikskólann og að starf í leikskólum líkist starfi grunnskóla æ meir. Aðra tilhneigingu má koma auga á í leikskólum sem hægt er að nefna *prófreak* leikskólustarfs, aukna áherslu á prófun á afmörkuðum færniþáttum hjá börnum. Algengt er orðið á Íslandi að athugun er lögð fyrir elstu börnin í leikskólum og flokka niðurstöður þeirra athugana börn í slök, meðalhæf eða með góða færni á afmörkuðu sviði. Slík vinnubrögð þykja endurspeglar gildi vestrænnar millistéttar um hvað teljist gáfur þar sem börn eru flokkuð í „slök“ á afmörkuðu sviði þrátt fyrir hæfni á öðrum sviðum.

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 er markmið leikskólustarfs að fylgjast með og efla alhliða þroska barna í náinni samvinnu við foreldra og að hlúa að börnum í samræmi við þarfir hvers og eins svo að þau fái notið bernsku sinnar. Einnig á að veita skipulega málörvun í leikskóla og stuðla að eðlilegri færni barna í íslensku. Efla á siðferðisvitund barna og stuðla að víðsýni þeirra og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Rækta á hæfileika barna til tjáningar og sköpunar í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra og hæfni til mannlegra samskipta.

Ekkert í fyrrgreindum markmiðum laga um leikskóla gefur til kynna að auka eigi frammistöðumat á börnum. Aftur á móti eiga leik-

„Mat á námi barna á fyrst og fremst að styðja við sjálfsvirðingu, sjálfsöryggi, sjálfræði, styrk og sjálfsímynd barna.“

skólakennarar og annað starfsfólk leikskóla að fylgjast með og meta þessa þætti í daglegu starfi. Hvernig gera þeir það? Hvað er það sem skiptir máli í mati á framförum barna og námi?

Fræðimenn leggja áherslu á einstaklingsmiðað mat með áherslu á samhengi náms og aðbúnaðar barna og kennslu. Áhersla er lögð á hvert einstakt barn og persónulega getu þess til að læra á heildstæðan, heilbrigðan og skapandi hátt. Brynt er að hver leikskóli móti verkfæri sem metur hið fjölbreytta, margræða og oft ósýnilega nám sem fram fer í leikskólum og meta þær framfarir sem hvert barn tekur. Slík verkfæri eiga ekki að bera börn saman við önnur börn heldur taka mið af hverju einstöku barni, starfsháttum leikskóla og hugmyndafræði, af því að börn læri best í gegnum leik og eigin upplifanir, í samskiptum við önnur börn og fullorðna.

Fræðimenn hafa bent á að þegar nám í leikskóla er metið eigi að hafa áhuga og hneigð barns til náms í forgrunni og framlag umhverfis, færni

„Leikskólakennarar vita, í gegnum nám sitt og starfsreynslu, hver geta, hæfni og þarfir hvers barns er.“



og þekkingar í bakgrunni til að styðja við áhugasvið barnsins. Mat á námi barna á fyrst og fremst að styðja við sjálfsvirðingu, sjálfsöryggi, sjálfræði, styrk og sjálfsímynd barna. Að mati fræðimanna eru nokkur atriði sem huga þarf að þegar verið er að meta nám barna, þroska þeirra og vellíðan. Hér verða talin upp nokkur þeirra:

- **Börn þroskast á ólíkum hraða.** Talið er að börn upplifi töluverðan þrýsting og kvíða þegar þau eru beðin um að leysa verkefni af hendi sem þau eru ef til vill ekki reiðubúin til að leysa. Einnig er talið að það skaði ekki börn til lengri tíma að bíða með að leysa verkefni þar til þau eru reiðubúin til þess. Þegar börn eru metin á sama mælikvarða er afar líklegt að sum börn lendi í erfiðleikum með að leysa verkefni. Það þarf þó ekki endilega að benda til fráviks í þroska viðkomandi barns.
- **Að kenna á prófin.** Próf eiga ekki að skapa þrýsting á leikskólakennara að kenna ákveðna afmarkaða færni í stað þess að gefa barni tækifæri á fjölbreyttum verkefnum. Kapphlaup við að ná góðri niðurstöðu á prófum getur orðið til þess að leikskólakennarar fari að kenna á prófin. Kennarar geta einnig upplifað kvíða og að þeir standi ekki undir ákveðnum væntingum þegar unnið er á þennan hátt. Leikskólakennarar vita, í gegnum nám sitt og starfsreynslu, hver geta, hæfni og þarfir hvers barns er og þeir gera það sem þarf til að viðkomandi barn taki framförum á degi hverjum. Með auknum þrýstingi á leikskólakennara að einblína á afmarkaðan færniþátt, getuleysi og vanhæfni barna er verið að biðja þá um að yfirgefa heildræna sýn sína á getu barns og hæfileika þess.
- **Fjölbreytt samþætt verkefni.** Notkun prófa á ekki að gera það að verkum að reynsluheimur barna er þrengdur niður í afmarkaða færniþætti í stað þess að börn upplifi fjölbreytt

skapandi verkefni í leikskólanum. Einnig eiga verkefni leikskólans að hvetja börn til sjálfræðis og frumkvæðis og vera þeim merkingarþætt. Hæfni og geta barna eykst þegar þau takast á við fjölbreytt samþætt verkefni sem veita þeim gleði og vellíðan. Slík verkefni veita börnum ánægjulega reynslu af námi og skóla.

- **Óraunsæjar væntingar.** Niðurstöður á prófum endurspeglar ekki gæði leikskólastarfs, leikskólakennara né nám barna. Eins og fyrr segir byggist færni upp hjá börnum með ólíkum hraða og á ólíkan hátt. Það skapar óraunsæjar væntingar að reikna með því að öll börn á sama aldri hafi öðlast sömu færni. Nám á ekki að miða að því að steypa öll börn í sama mótið. Slík flokkun hefur í för með sér að einhver börn verða skilgreind sem slök strax í upphafi skólagöngu sinnar.
- **Dregið úr fagmennsku leikskólakennara.** Allar ákvarðanir um nám barna og framfarir á leikskólakennari að taka út frá fagmennsku sinni. Próf og kvarðar styrkja ekki fagmennsku kennara heldur draga úr henni. Eitt mikilvægasta einkenni góðra fagmanna er ígrundun og gagnrýnin hugsun. Í stað þess að fylgjast með námi barna og skrá það með það fyrir augum að bæta námstækifæri þeirra, fylla leikskólakennarar út kvarða sem skoða afmarkaða færniþætti og leita eftir „göllum“ í fari barna. Með því er verið að draga úr fagmennsku leikskólakennara og þeim ekki treyst til að meta framfarir barna út frá eigin fagmennsku, reynslu og námi. Með kvörðum og prófum er verið að tæknivæða nám barna þar sem varan (barnið) er háð vörueftirliti (prófum). Menntan og margbreytileiki mannlífsins fer varhluta af slíkri nálgun þar sem leikskólakennurum er breytt í eftirlitsmenn.



„Prófin mega ekki reka inn í leikskólann á sama tíma og grunnskólastigið er að losa sig undan valdi þeirra“

- **Ferlið framur árangri.** Markmið leikskólastarfs er að börn upplifi í upphafi skólagöngu sinnar að þau séu hæf og sterk og að borin sé virðing fyrir einstaklingseinkennum þeirra. Mikilvægt er að þau upplifi að þau geti lært og tekið framförunum. Nám er spennandi ævintýri sem hefur merkingu í lífi barna. Ef við leggjum höfuðáherslu á að mæla færni barna á afmörkuðum sviðum, þá missir námið marks.
- **Einstaklingsbundinn styrkur og hæfni barna.** Fræðimenn telja þá sem aðhyllast prófum vilja þröngva vilja sínum yfir á aðra með því að steypa alla í sama form. Á þann hátt er þekking ótengd þeim sem leitar hennar. Nám er í eðli sínu þekkingarleit hvers einstaklings og er þekking á hverju einstöku barni og þörfum þess hornsteinn leikskólauppeldis. Því ætti að forðast að nota prófanir sem mæla öll börn með sömu mælistikunni.
- **Ólík menning og fjölbreyttar fjölskyldugerðir.** Í leikskólastarfi er margbreytileika fagnað og litið er á hann sem kost og styrkleika í leikskólastarfi. En margbreytileiki er erfiður í samanburði og hætta er á að börn frá ólíkum menningarheimum séu túlkuð sem frávik í prófum sem byggja á meðaltali frá ríkjandi menningu.
- **Nám barna einfaldað í mælanlegar einingar?** Hvað styður þá skoðun að börn njóti góðs af því að vera prófuð á afmörkuðum sviðum? Ef við teljum að slík prófun falli undir snemmtæka íhlutun og að í kjölfarið sé unnið með afmarkaða færniþætti, vegur það þá upp á móti þeim ókostum sem slík prófun felur í sér? Fræðimenn telja svo ekki vera. Þeir telja að verið sé að leita einfaldra leiða til að meta þroska barna og framfarir og þannig einfalda nám þeirra inn í mælanlegar einingar. Erfitt er að koma auga á hver ávinningur slíks er fyrir leikskólabörn.

- **Viðhorf viðskipta- og verksmiðjúlífs.** Menntun er ekki vara sem er framleidd, markaðssett og seld. Eitt helsta hlutverk leikskólakennara er og hefur verið að fylgjast með þroska barna, vellíðan og námi. Það hafa þeir gert með fagmennsku að leiðarljósi, en ekki með þröngum viðmiðum prófa og kvarða. Fagmennska leikskólakennara gerir ráð fyrir því að börn séu margvísleg og þroskast hver á sínum hraða og á sinn hátt. Það gera þau þegar borin er virðing fyrir þeim og þeim sýnd umhyggja. Í fagmennsku leikskólakennara felst siðferðileg skylda þeirra að gera það sem viðkomandi barni er fyrir bestu.

Sú umræða sem fram hefur farið meðal leikskólakennara á Íslandi um mat á námi barna hefur snúist um ákveðin próf fremur en um heildstætt mat á námi þeirra og vellíðan. Með heildstæðu mati er átt við mat sem leggur áherslu á styrkleika barna og hæfni fremur en getuleysi og vanhæfni. Á þessu er grundvallarmunur sem endurspeglar viðhorf fullorðinna til barna. Prófin mega ekki reka inn í leikskólann á sama tíma og grunnskólastigið er að losa sig undan valdi þeirra og að tileinka sér fjölbreyttar aðferðir í mati á námi barna og þroska. Leikskólakennarar þurfa að veita viðnám. Það viðnám byggir ekki á óbreyttri stöðu heldur á þeim viðhorfum sem uppi eru í kenningu ungra barna og byggja á því að börn eru hæf, getumikil og sterk, fullfær um að taka þátt í samfélaginu. Leggjja þarf áherslu á að auka þátttöku barna í leikskólastarfi og skapa þeim lífsgæði, vellíðan og gleði.

Grein þessi byggir meðal annars á grein J. Amos Hatch í ritinu PHI DELTA KAPPAN frá því í febrúar 2002 og grein Kristínar Karlsdóttur og Bryndísar Garðarsdóttur Námssögur – styrkleikar og færni leikskólabarna í bókinni Sjónarmið barna og lýðræði í leikskólastarfi frá árinu 2008.

Þú færð orðabækurnar í Eymundsson

- Mikið úrval orðabóka á fjölda tungumála.
- Eymundsson vefverslun býður upp á heimsendingu á öllum bókum.
- Skiptimiðinn tryggir fólki mikið úrval ef það ákveður að skipta gjöf.





Farfuglaheimilin hafa ýmislegt að bjóða

Skólahópum boðið upp á fyrirlestur um eldgosin á Suðurlandi

Farfuglaheimilum hefur fjölgað á Íslandi á síðustu árum og sá gistimöguleiki höfðar nú til mun fleiri en áður, enda hefur fjölbreytnin aukist hjá farfuglaheimilunum.

Á Íslandi eru starfandi 36 farfuglaheimili um allt land þannig að næsta farfuglaheimili er aldrei langt undan. Íslensku farfuglaheimilin eiga aðild að alþjóðasamtökum farfuglaheimila, Hostelling International, sem eru stærstu gistihúsasamtök í heimi með um 38.000.000 gistinátta á hverju ári, þar af um 150.000 hér á landi.

Hentug fyrir hópa

Mörg farfuglaheimilanna henta skólahópum vel. Í Húsadal í Þórsmörk er t.d. mjög gott að vera fyrir skólahópa. Þar er gistirými fyrir allt að 120 manns í skálum, smáhýsum og tveggja manna herbergjum og salur sem tekur rúmlega 100 manns í sæti. Húsadalur er einnig frábær útvistarastaður því þar eru m.a. gönguleiðir við allra hæfi. Í Húsadal verður sú nýjung í ár að skólahópum sem heimsækja staðinn verður boðið upp á fyrirlestur og myndasýningu um eldgosin á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli og afleiðingar þeirra. Þessir fyrirlestrar eru án endurgjalds. Til að auðvelda skólahópum að heimsækja Húsadal eru sérstök tilboð í gangi. Það er sama verð og verið hefur sl. fjögur ár.

Henta einnig einstaklingum og fjölskyldum

Margir Íslendingar hafa ranghugmyndir um þá aðstöðu sem farfuglaheimilin bjóða upp á. Margir halda að gist sé í stórum svefnskálum, jafnvel skólastofum. En því fer víðs fjarri. Öll heimilin bjóða upp á einstaklings- og fjölskylduherbergi og sum þeirra bjóða upp á herbergi með snyrtingum inni á herbergjunum. Eitt af því sem einkennir farfuglaheimilin eru gestaeldhúsin sem eru á öllum heimilunum. Þar geta gestir eldað sinn eigin mat sér að kostnaðarlausu. Þetta er mjög hentugt fyrir þá sem eru að ferðast um landið, sérstaklega barnafjölskyldur.





Umhverfisvæn heimili

Allt frá stofnun Farfugla og farfuglaheimilanna hafa umhverfismálin verið áberandi í allri starfsemi og víða er unnið af miklum metnaði í þessum mikilvæga málaflokki. Sem dæmi um það þá eru farfuglaheimilin í Reykjavík einu gististaðirnir á Íslandi sem hafa hlotið vottun Norræna umhverfismerkisins Svansins. Á síðasta ári hlutu heimilin umhverfisverðlaun Ferðamálastofu fyrir starf sitt.

Nánari upplýsingar um farfuglaheimilin er að finna á heimasíðu Farfugla, www.hostel.is. Þar er að finna upplýsingar um ca. 4000 farfuglaheimli hér á landi og erlendis. Upplýsingar um Húsadal og tilboð til skóláhópa eru á www.thorsmork.is.

Nýjar lestrarbækur



ÁTTA nýjar lestrarbækur fyrir byrjendur í lestri með aðferðafræði LESUM LIPURT eftir Sigríði Ólafsdóttur

Bækurnar fást á Skólavefnum, í bókabúðum Pennans og Eymundssonar, í Bókabúðinni lðu og í verslun A4 við Smáratorg

Myndlist á ferð og flugi

Flökkusýningar Listasafns Reykjavíkur



FÁÐU FLÖKKUSÝNINGU LÁNADA Í SKÓLANN

Flökkusýningar Listasafns Reykjavíkur eru tvær og með hvorri sýningu fylgja vandaðir fræðslupakkar og verkefni. Sýningarnar „**flakka**“ á milli skóla í 2-3 vikur í senn. Hægt er að panta kynningu frá safninu í skólann á mögulegri notkun sýninga og verkefna í kennslu. **Flökkusýning 1** – Myndlist og manneskjur/ Eru allir öðruvísi?

Flökkusýning 2 – Náttúrusýnir listamanna/ Sitt sýnist hverjum....

Nánari upplýsingar á heimasíðu Listasafns Reykjavíkur www.listasafnreykjavikur.is undir „Fræðsla og viðburðir/ flökkusýning“. Fyrirspurnir: fraedsludeild@reykjavik.is eða 590 1200 biðjið um fræðsluleið.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
KJARVALSSTAÐIR • HAFNARHÚS • ÁSMUNDARSÁFN



Myndlist á ferð og flugi

Heimsókn á safn getur verið eftirminnilegur og lifandi hluti af námi, góð tilbreyting og kveikja að skapandi hugsun. Safnheimsókn er ekki síður liður í að efla samfélagsvitund nemenda, og mikilvægt að þeir fái tækifæri til að njóta menningar og lista (*Aðalnámskrá grunnskóla: Lífsleikni*, 2007, bls. 8). Heimsókn í eitt af þremur safnhúsum Listasafns Reykjavíkur býður upp á margvíslega möguleika til upplifunar og fræðslu. Safnhúsin eru: Ásmundarsafn við Sigtún, Hafnarhús við Tryggvagötu og Kjarvalsstaðir við Klambatún. Árið 2010 tók fræðsludeild Listasafns Reykjavíkur á móti 15.052 nemendum af öllum skólastigum þar með eru taldir sérhópar, háskólar og fjölskyldur. Þetta er tuttugasta starfsár fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur. Fræðslustarf safnsins nær einnig út fyrir safnhúsin þrjú því frá árinu 2008 hefur grunnskólum Reykjavíkur staðið til boða að fá lánaðar svokallaðar Flökkusýningar í skólann ásamt vönduðum fræðslupökkum, endurgjaldslaut. Grunnskólar fyrir utan Reykjavík hafa einnig nýtt sér þetta en greiða þá flutningskostnað og tryggingar.

Þjónusta út í samfélagið

Í riti um grunnatriði safnastarfs eftir Ambrose og Paine (1998:42-47) kemur fram að söfn gegna mikilvægu hlutverki á sviði fræðslu, hvort sem um er að ræða börn eða fullorðna. Líflægustu söfnin láta sér ekki nægja að bíða eftir að fólk komi og heimsæki þau heldur fara söfnin með þjónustu sína út í samfélagið. Flökkusýningar Listasafns Reykjavíkur eru liður í því að fara með þjónustu safnsins út í samfélagið þannig að grunnskólanemar fái tækifæri til að upplifa listaverk milliliðalaust. Að horfa á listaverk í sinni upprunalegu mynd skiptir sköpum því það sem í fyrstu virðist smávægilegt getur síðar reynst mikilvægur hlekkur í heild listaverks. Eftirprentanir og ljósmyndir af listaverkum geta gefið heilmiklar upplýsingar um listaverk en upplifun fólks af listaverki er oftast mun sterkari þegar hún er milliliðalaus. Sérstaða Flökkusýninga Listasafns Reykjavíkur liggur án efa í því að hér er er um raunveruleg listaverk að ræða. Myndlist er færð nær nemendum með færanlegri og sérhannaðri sýningu og fræðslupökkum. Fræðslupakkarnir innihalda upplýsingar um höfunda og tilurð verka og er ætlað að ýta undir umræðu og stuðla að lærdómsríkri upplifun.

Skólinn velur sýningu

Hægt er að fá tvær mismunandi sýningar til láns í skólann í 2-3 vikur í senn. Hvor sýning fjalla um ákveðið viðfangsefni og fræðslupakki fylgir hvorri sýningu fyrir sig.

Flökkusýning 1: Myndlist og manneskjur / Eru allir öðruvísi?

Verkefni í fræðslupakka 1 eru ætluð mið- og unglingastigi í myndmennt og lífsleikni. Listaverkin fjalla flest um manneskjuna, ólík sjónarhorn, lýsingar á henni, ímyndir, menningararf tengdan æsku, klisjur og fordóma.

Flökkusýning 2: Náttúrusýnir listamanna / Sitt sýnist hverjum...

Verkefni í fræðslupakka 2 eru ætluð yngsta- og miðstigi í myndmennt og náttúrufræði. Listaverkin fjalla um náttúruna og mismunandi sýn myndlistamanna gagnvart viðfangsefninu. Sýningin inniheldur málverk, ljósmyndir, teikningar og skjáverk sem bjóða upp á marga möguleika í samþættingu myndmenntar og náttúrufræði.

Heimur nýrra möguleika í námi – á hjólum!

Flökkusýningarnar eru settar upp í færanlegum einingum á hjólum sem hægt er að rúlla inn í kennslustofu eða opið rými í skólanum. Hvor sýning er í tveimur sérhönnuðum kistum á hjólum sem eru 180sm á hæð, 70sm á breidd og 165sm á lengd hvor þegar þær eru lokaðar. Hvor sýning er í tveimur kistum sem radast saman í u.þ.b. 10 metra af sýningar-rými og rúma um 8–12 listaverk sem eru öll úr safneign og vel flest eftir íslenska myndlistarmenn. Með því að fá lánaða Flökkusýningu í skólann er hægt að taka fyrstu skrefin í átt að áhrifamikilli listupplifun. Nemendur fá tækifæri til þess að umgangast og rýna í fjölbreytileg listaverk. Flökkusýningarnar auðvelda aðgengi nemenda að listaverkum og veita kjörið tækifæri til þess að staldra við, ræða um og upplifa myndlist í ró og spekt.

Markmiðið með Flökkusýningum Listasafns Reykjavíkur er ekki eingöngu að útbúa og lána sýningar heldur að opna heim nýrra möguleika í námi. Flökkusýningarnar eru unnar af starfsmönnum fræðsludeildar Listasafns Reykjavíkur.

Þórsmörk

- einstök náttúruperla



Er vorferð framundan?

Í Húsadal er frábær aðstaða fyrir hópa af öllum stærðum. Fjölbreytt gisting er í boði fyrir allt að 120 manns í skálum, smáhýsum og tveggja manna herbergjum. Unnt er að nota svefnpoka en einnig er boðið upp á uppábúin rúm. Á staðnum er stór funda- og matsalur og boðið er upp á fulla veitingaþjónustu. Einnig geta skólahópar fengið aðgang að eldhúsum og eldað eigin mat.

Farfuglar aðstoða skóla við skipulagningu ferða í Mörkina eftir því sem óskað er. Og í ár bjóðum við öllum skólahópum upp á **ókeypis fyrirlestur um gosin á Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli** og afleiðingar þeirra.

Til að gefa sem flestum tækifæri til þess að heimsækja þessa náttúruperlu bjóðum við skólahópum nú sömu tilboðsverðin fjórða árið í röð.

Skálagisting í eina nótt kostar 2.000 kr. pr. mann og 3.000 kr. pr. mann fyrir tvær nætur. Gildir bæði fyrir nemenda- og kennarahópa.

Hafið samband eða farið á vefsíðu okkar www.thorsmork.is til að fá nánari upplýsingar.

Sjáumst í Mörkinni.



Kennaranemar bjuggu til valmúahús í samþættu útinámi sínu

Texti: Ólafur Oddsson, verkefnisstjóri LÍS og Brynjar Ólafsson, Háskóla Íslands
Myndir: Frá höfundum

Grenndarskógar í skólastarfi

Útikennslu hefur vaxið fiskur um hrygg síðustu ár hér á landi. Skólaþróunarverkefnið *Lesið í skóginn* er þverfaglegt samstarf sem er ætlað að efla skógartengda útikennslu. Verkefnið hefur verið í gangi síðan 2001 og hefur reynslan sýnt að skógurinn býður upp á mikla möguleika í kennslu og styður gott skólastarf.



Ólafur Oddsson



Brynjar Ólafsson

Grenndarskógur er skógarsvæði sem er í göngufæri frá skólanum. Síðan grenndarskógur var fyrst skilgreindur sem útinámssvæði í skólastarfi grunnskóla fyrir tæpum tíu árum, hefur mikið vatn runnið til sjávar og mikilvæg reynsla fengist. Skrefin hafa verið hæg en stígandi og þeim skólum fjölgar sem hafa aðgang að grenndarskógi og fleira starfsfólk grunnskólanna tekur þátt í útináminu. Gerður er samningur við landeigenda um afnot í skólastarfi og aðstaðan sem byggð er upp tekur mið af umhverfinu. Ekki er gert ráð fyrir að þar sé sett upp leiktæki heldur sé náttúran sniðin að þörfum útikennslunnar. Þverfaglegt samráð um notkun grenndarskógarins í skólastarfi er nauðsynlegt til að ná árangri við alhliða notkun skógarins í skólastarfi. Aðgangur skólans að faglegri ráðgjöf um skógarhirðu, skógarnytjar og við uppbyggingu á aðstöðu með virkri þátttöku nemenda, foreldra eða annarra skipta þar miklu máli.

Námið tengist verklegu viðfangsefni

Útinám er ekki skilgreint sem sérstakt fag, hvorki hér á landi né á Norðurlöndunum. Þrátt fyrir það hefur útinám verið skilgreint sem fræðigreinin og gerðar hafa verið fjölmargar rannsóknir og skrifaðar margar bækur um hugmyndafræði og aðferðir í útikennslu og gildi þess sem tæki í kennslu og menntun í skólastarfi. Mismunandi er við hvaða fög útinámið er tengt en rannsóknir beinast æ meir að gildi þess fyrir



Að þjálfanotkun skynfæranna er mikilvægur þáttur í upplifun og tjáningu



Börnin vinna með einföldum áhöldum að skapandi verkefnum



Efni er sótt í skóginn með grisjun og notað í margs konar leikjum



Grenndarskógar eru kortlagðir og gerð nytjaætlun sem útinámið er byggt á

almennt heilbrigði og ánægju nemenda og almennan árangur í námi. Aðferðirnar gagnast við kennslu allra námsgreina þegar þær eru samþættar á vettvangi útinámsins. Grenndarskógurinn getur einnig gegnt lykilhlutverki í að fylgja eftir nýjum áherslum menntamálaráðuneytisins um sjálfbæra þróun í skólastarfi. Ein áhrifaríkasta kennsluáðferðin og það sem gerir útikennslu sérstaka er að þar er hægt að tengja námið við verkleg viðfangsefni. Þannig er hægt að kenna sjálfbærni á áþreifanlegan hátt í gegnum umgengni við skóginn þar sem nemendur sjá orsök og afleiðingar. Þetta er mikilvægt þar sem ung börn hafa ekki þroska til að læra flókin hugtök, s.s. sjálfbærni, nema gegnum verklega framkvæmd. Sumir álíta einnig að útinám í skógarumhverfi stuðli almennt að betri árangri í námi og sé mikilvægur liður í að ná ýmsum markmiðum í aðalnámskrá s.s. varðandi fjölbreytni í skólastarfi og námsaðferðum til að ná markmiðum um einstaklingsmiðað nám.

Grenndarskógur í kennaranámi

20 grunnskólar á höfuðborgarsvæðinu hafa gert formlegan samning við LÍS verkefnið um afnot af grenndarskógi. Einnig hefur hliðstæður samningur verið gerður við Menntavísindasvið HÍ (áður KHÍ). Var grenndarskógurinn afhentur formlega vorið 2010 með samstarfssamningi við LÍS-verkefnið sem felur í sér m.a. samstarf við Umhverfissvið og Menntasvið Reykjavíkurborgar, en list- og verkgreinar hafa í fimm

ár notað umrætt skógarsvæði í Öskjuhlíðinni. Á Menntavísindasviði hafa verið í boði skógartengd námskeið, „Lesið í skóginn- tálgað í tré“, „Náttúran sem uppspretta sköpunar“ og námskeiðið „Útinám og græn nytjahönnun“ á meistarasígi. Einnig var í boði sl. sumar námskeiðið „Útinám og leikir í skógi“. Alls hafa um 400 nemendur sótt skógartengt nám í kennaranáminu undanfarin misseri. Samkvæmt umsögnum nemenda eru nokkrir þættir sem standa upp úr á þessum námskeiðum. Það eru verklegu þættirnir sem virðast skila til nemenda auknum skilningi og virku námi. Þáttökunámið í grenndarskóginum stendur þannig upp úr þar sem tengdar eru saman námsgreinar og kennsluáðferðir í stöðvafræðslu og beinum verkefnum á vettvangi.

Könnun á notkun grenndarskóga í skólastarfi

Í samstarfi við starfsfólk við rannsóknir hjá Menntasviði Reykjavíkur var gerð könnun í lok janúar 2011 og send til þeirra 22 skóla í Reykjavík sem eru með formlegan grenndarskógarsamning við Umhverfis- og samgöngusvið borgarinnar og LÍS-verkefnið.

Svarhlutfall við könnuninni var 100% og gefur því trúverðugar upplýsingar um framkvæmd og skipulag útinámsins.

Þessar upplýsingar munu verða notaðar til að finna leiðir til að efla enn frekar skógartengt útinám í framtíðinni. Nánari upplýsingar er að finna á www.skogur.is



Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara

Aðalheiður Steingrimsdóttir

Staða framhaldsskólans rædd í ljósi afleitrar kaupmáttar- og launaþróunar

Aðalfundur Félags framhaldsskólakennara var haldinn dagana 17. og 18. mars á Grand hóteli í Reykjavík. Um 70 fulltrúar sóttu fundinn úr öllum framhaldsskólunum. Yfirskrift fundarins var „Staða framhaldsskólans“ en þarna fór fram ýmis konar mat á stöðu margra mikilvægra mála. Hér má nefna afleita kaupmáttar- og launaþróun sem stofnana-samningarnir í framhaldsskólunum hafa engu breytt um, óþolandi hægagang í kjaraviðræðum, niðurskurð og hriðversnandi starfsskilyrði kennara, faglega vankanta á framhaldsskólalögum og vinna við framkvæmd laganna við kreppuskilyrði og margt fleira.

Félagið lét fara fram umfangsmikla úttekt á áhrifum efnahagskreppunnar á líðan og starfsumhverfi framhaldsskólakennara á síðasta ári sem Guðrún Ragnarsdóttir hafði með höndum sem dregur ljóslega fram hvernig niðurskurðurinn hefur farið með kjör kennara og starfsskilyrðin, skólastarfið og þjónustu við nemendur.

Fundurinn gerði ýmsar samþykktir um framhaldsskólalögin, kennarastarfið, símenntun og rannsóknir, kennaramenntun og framhaldsnám og starfsumhverfi í framhaldsskólunum og lagði stefnu í skólamála, kjaramála og félagsmála fyrir komandi starfstímabil. Einnig var því beint til nýrrar stjórnar félagsins að láta gera könnun á stöðu FF innan KÍ og kynna niðurstöðurnar á næsta fulltrúafundi sem er á næsta ári. Auk þess var fjallað um fjármál og reikninga félagsins og talsverðar breytingar gerðar á félagslögum.

Á fundinum var lýst kjöri nýrrar stjórnar félagsins sem er þannig skipuð: Aðalheiður Steingrimsdóttir formaður, Hrafnkell Tumi Kolbeinsson Flensborg, Sigurgeir Sveinsson Fjölbrautaskóla Vesturlands, Hanna Björg Vilhjálmssdóttir Borgarholtsskóla, Halldóra Björt Ewen Menntaskólanum við Hamrahlíð. Samninganefnd félagsins skipar

stjórn félagsins og fimm fulltrúar sem voru kosnir á fundinum: Aðalheiður Dröfn E. Menntaskólanum við Hamrahlíð, Ágúst Ásgeirsson Menntaskólanum við Sund, Brynjólfur Eyjólfsson Menntaskólanum á Akureyri, Guðbjörn Björgólfsson Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Ægir Sigurðsson Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Einnig var kosið í fleiri stjórnir og nefndir á fundinum, s.s. fulltrúar FF í stjórn Vísindasjóðs FF og FS, fulltrúar í uppstillingarnefnd, kjörstjórn og fleira.

Hálfur annar milljarður út úr framhaldsskólunum

Í setningarræðu sinni sagði Aðalheiður Steingrimsdóttir, formaður FF, meðal annars: „Þegar samningsgerð framhaldsskólans er skoðuð aftur í tímann sést vissulega góður árangur á köflum en sem því miður hefur oftast en ekki aðeins dugað í skamman tíma. Segja má að okkur hafi svona þokkalega gengið að halda sjó í launaþróuninni fram á árið 2007 en eftir það hefur sigið á ógæfuhliðina og við erum komin ofan í djúpan dal eftir að kreppan skall á með þeim afleiðingum að kjörin í framhaldsskólunum eru komin á stöðunarstig og kaupmáttur launa kominn undir það sem var um síðustu aldamót.“

Á góðæristímanum, áður en kreppan skall á, stóð framhaldsskólinn þar að auki verulega höllum fæti í fjárveitingum m.v. önnur skólastig. Í skýrslum OECD um menntamál kemur fram að árleg útgjöld vegna hvers nemanda í íslenskum framhaldsskólum lækkuðu að raunvirði milli áruna 2006 og 2007 og voru þegar á þeim árum lág í alþjóðlegum samanburði.

Vegna efnahagskreppu og niðurskurðar hefur nú hálfur annar milljarður verið tekinn út úr rekstri framhaldsskólanna og önnur eins upphæð sem ætluð var til framkvæmdar nýrra framhaldsskólalaga hefur



Fulltrúar í nýrri aðal- og varastjórn FF: talið frá vinstri: Aðalheiður Steingrímisdóttir formaður, Sigurgeir Sveinsson FVA, Hrafnkell Tumi Kolbeinsson FLB, Halldóra Björt Ewen MH, Hanna Björg Vilhjálmisdóttir BHS, Hafdís Fjöla Ásgeirsdóttir FVA, Jóhann G. Thorarensen MS og Guðný Lára Petersen TS.

aldrei komist til skólanna. Á sama tíma og aðsókn í framhaldsskóla eykst stöðugt - versnar þjónusta við nemendur og starfskjörum kennara hrakar.“

Aukið álag á kennara og nemendur

Aðalheiður gerði efnahagskreppuna að umtalsefni, hún sagði hana haft mikil áhrif á skólastarfið í framhaldsskólum landsins. Samdráttur hefði orðið í launum kennara en á sama tíma hefði nemendum fjölgað og fjöldi kennara nánast staðið í stað.

„Námshópar hafa stækkað og kennarar hafa minni tíma til að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu. Stór hluti kennara finnur fyrir streitu og álagi í starfi vegna aðgerða á vinnustöðum sínum sem tengjast kreppunni. Þjónusta skóla við nemendur hefur verið skorin niður sem birtist m.a. í minni stuðningi við nemendur, fábreyttara námsframboði og kennsluháttum, færri kennslustundum í áföngum og fjölmennari námsþópum. Minni þjónusta bitnar einkum á nemendum sem standa höllum fæti í námi og hafa minna fjárhagslegt svigrúm. Allt eru þetta áhættuþættir í brotthvarfi frá námi. Flestir kennarar segjast jafnframt finna fyrir auknu sálarlegu álagi hjá nemendum. Þessi margvíslegu neikvæðu áhrif koma fram í niðurstöðum rannsóknar Guðrúnar Ragnarsdóttur sem gerð var árið 2010 en sú rannsókn var framhald rannsóknar sem gerð var árið 2008.“

Kennarar skipta máli

Hún benti á að rækta þyrfti mannauðinn í skólunum og hlúa að skólastarfi bæði vegna kennara og nemenda. Gróska í skólastarfi héldist náið í hendur við bætt kjör kennara. „Kennarar skipta máli, skólastarf er mikilvægt því skólastarf ræktar mannauðinn. Miklar breytingar hafa verið á liðnum árum á starfi framhaldsskólakennarans sem helgast annars vegar af áhrifum upplýsingatækninnar sem gerir allt aðrar kröfur um skipulagningu kennslu og kennsluhætti og hins vegar af vaxandi áherslum á frumkvæði, hugmyndaauði og fagmennsku í starfi. Síðan

standa kennarar frammi fyrir miklum skólastarfsbreytingum og nýjum áherslum vegna framhaldsskólalaganna sem eru þegar farnar að hafa mikil áhrif t.d. vegna ákvæða laganna um fræðsluskyldu til 18 ára aldurs sem má segja að sé eins konar pólitískur stimpill á þróun sem er búin að eiga sér stað lengi í mörgum framhaldsskólum.“

Eigum heima í heildarsamtökum kennara

Í lokaorðum sínum nefndi Aðalheiður að hún hefði í upphafi sagt að hluti af stöðumatinu núna væri að skoða líka stöðu og hag stéttar okkar í heildarsamtökum kennara. „Ég er sannfærð um að það var hárrétt ákvörðun hjá framhaldsskólakennurum fyrir 10 árum eða svo að taka höndum saman við kollega sína í grunnskólum og tónlistarskólum og leikskólum. Við eigum heima í heildarsamtökum kennara vegna þess að það er svo ótalmargt sem við eigum sameiginlegt sem óþarfi er að telja, þrátt fyrir að framhaldsskólinn hafi annan viðsemjenda og annað starfsumhverfi miðað við hin skólastigin.

Liður í því að okkar staða og hagar sé góður í heildarsamtökum kennara er að fyrir hendi sé skilningur á að annar viðsemjandi og annað lagaumhverfi geri kröfu um að mannaskipan og verkaskipting sé með þeim hætti í forystu kennarasamtakanna að öll félögin þar hafi góðan aðgang að viðeigandi sérfræðilegri þekkingu og ráðgjöf. Því verður að segjast eins og er að úrslit formannskosninga KÍ urðu mér mikil vonbrigði og að þurfa að sjá mikla þekkingu og reynslu hverfa úr forystu kennarasamtakanna. En við hvorki eigum né megum samt sem áður láta þessar breytingar slá okkur út af laginu, heldur tengja okkur betur saman og þetta raðirnar og líka að halda áfram að taka þátt í samstarfi við félag okkar í kennarasamtökunum af fullri einurð um stóru faglegu málin sem sameina okkur til hagsbóta fyrir menntunina í landinu og almannaheill.“

Erindi Elnu Katrínar Jónsdóttur, varaformanns KÍ,
á aðalfundi Félags framhaldsskólakennara:

Menntastefna og framhaldsskólalög

Ef menntastefna er skilgreind sem hugmyndafræði stjórnvalda á hverjum tíma – í þessu tilviki um markmið, inntak og skipan náms á framhaldsskólastigi – hlýtur menntastefna gildandi laga að vera bland í poka þar sem skipt var um húsbændur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu eftir að lögin voru samþykkt frá Alþingi vorið 2008. Sú sem hér talar heldur að samhengi málsins sé flóknara og að lögin og sú menntastefna sem birtist eða birtist ekki í þeim sé í reynd einhvers konar málamiðlun margra aðila sem aldrei róa allir í sömu átt.

Í nýrri menntastefnu ráða fagleg gildi ferðinni þar sem meginhlutverk menntakerfisins er að sinna samfélagslegum þörfum þar sem kerfið lagar sig að ólíkum einstaklingum, þar sem fjölbreytileiki nemendahópsins er fjársjóður til að vinna með í skólastarfinu, þar sem menntun allra nemenda er talin jafngild að mikilvægi og þar sem mat á sjálfu skólastarfinu er margþætt og nær bæði til akademískra, kennslu- og félagslegra þátta í skólastarfinu og aðstoðar skólafólk við að ná árangri í starfi.

(Katrín Jakobsdóttir 2009)

Þetta er ekkert nýtt eða sérstakt og hafa öll lög um framhaldsskóla verið þessu marki brennd allt frá því setið var og þrasað um það í aðdraganda framhaldsskólalaga sem sett voru 1988 hvort yfirleitt ætti að setja bindandi lög um skólastigið. Þegar næst kom að lagasetningu 6-8 árum síðar blésu vindar öðruvísi en á 9. áratug síðustu aldar og þurfti þá þrjár atrennur að því að setja framhaldsskólalög sem samþykkt voru 1996. Aðalnámskráin sem sett var á grundvelli þeirra 1999 varð mönnum einnig að þrætuepli í töluvert merkilegri rökræðu um það hversu bindandi eða stýrandi námskrár ættu yfirleitt að vera. E.t.v. má segja að sú mikla sveifla sem tekin var yfir á ysta kantinn hinum megin með því að senda alla námsbrauta- og námskrárgerð (að frátöldum almenna hlutanum auðvitað) út í alla framhaldsskóla landsins með gildandi framhaldsskólalögum frá árinu 2008 sem sé dæmigerð íslensk menntastefnuþróun þ.e. pendúllinn stoppar aldrei í miðjunni. Ekki ætla ég að dæma hvort það er endilega slæmt en gera má því skóna að það sé a.m.k. dýrara en ef einhvers konar verkaskipting væri viðhöfð.

Þess má geta í framhjáhlaupi að drög að aðalnámskrám frá árinu 2005 voru rituð miðað við að áform stjórnvalda um að stytta námstíma til stúdentsprófs um eitt ár gengju þá strax eftir með tilheyrandi almennum flutningi á námsefni og jafnvel námsáföngum milli framhaldsskóla- og grunnskólastigs. Þetta varð ekki úr, umræðan hefur þróast síðan og málið tekið nokkrum breytingum sem þó eru ekki skýrari en svo að það verður okkur að umræðuefni hér í dag hvert sé eiginlega stefnt og hver staðan sé á grundvelli laga sem sett voru fyrir bráðum þremur árum.

Helstu þræðir tilgreindrar menntastefnu framhaldsskólalaganna frá 2008

Allir semja námsbrautir og námskrár

Allir skólar þróa námsbrautir sem byggjast á sérstöðu þeirra og styrkleika og eftirspurn eftir sérhæfðum námsleiðum og úrræðum. Fjölga inn- og útgönguleiðum á skilgreindar námsbrautir

Þ.e.a.s. fleiri ljúka framhaldsskólánámi, nám frekar í boði við hæfi allra, brottfall minnkar.



Elna Katrín Jónsdóttir

Ríkið tekur meiri ábyrgð á námi nemenda til 18 ára aldurs með innleiðingu fræðsluskyldu

Jafna rétt allra nemenda til náms frá upphafi skólagöngu til lögræðisaldurs. Hálfklárað verk þar sem nemendur og fjölskyldur þeirra bera enn jafn mikinn kostnað af skólagöngunni.

Lykilhæfni og samþætting fremur en námsgreinabundið og –stýrt nám

Áhersla á lykilhæfni (þekking, færni, hæfni) fremur en áhersla á námsgreinar og áhersla á að þræðirnir læsi, lýðræði, jafnrétti og skapandi skólastarf gangi gegnum allt nám og skólastarf. Helstu drættir þessa eru til samræmis við samevrópska menntastefnu eða sýn á menntun og hæfni einstaklinga. Lykilhæfni á bæði að snúa að hæfni til þess að stunda frekara nám á næsta skólastigi og að hæfni til virkrar þátttöku í samfélaginu

Feiningar til að meta vinnu nemenda.

Nýju einingamatskerfi er ætlað að auka svigrúm og sveigjanleika við gerð námsbrautarlýsinga. Það gefur möguleika á að meta vinnu nemenda í öllu námi á framhaldsskólastigi óháð því hvar það fer fram og felur í sér jafngildingu bóknáms og verknáms þar sem það er hugsað út frá vinnuframlagi nemandans. Að baki hverri einingu á að liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemenda óháð námsvali. Þetta kallar á endurmat á öllum áföngum sem kenndir eru nú í framhaldsskólum. Eitt námsár, sem mælir alla ársvinnu nemanda með fullnaðarárangri, veitir 60 einingar. Er þá miðað við að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda sé að lágmarki 180 dagar og að tímasókn nemenda sé að jafnaði 6-8 klst. á dag. Hér sker Ísland sig úr öðrum Evrópuþjóðum sem mér vitanlega hafa ekki farið þessa leið með nám á framhaldsskólastigi (ekki frekar en að senda alla námsbrautasmiði og námskrárgerð út í skólana).



Anna María Gunnarsdóttir



Frá kosningum um lagabreytingar

Inntak stúdentsprófsins

Inntak stúdentsprófsins verður ekki skert. En þar sem framhaldsskólalögin setja ekki fram skýr viðmið um einingafjölda til stúdentsprófs reyndist nauðsynlegt að setja fram ákveðin viðmið í þeim efnum til að tryggja samræmingu og réttindi nemenda og til að fyrirbyggja að inntak náms til stúdentsprófs yrði rýrt. Af því tilefni var sett 200 eininga lágmarksviðmið til stúdentsprófs í þeim tveimur þróunarskólum sem nú eru farnir af stað, Kvennaskólanum í Reykjavík og Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ. Stúdentsprófið hefur miðast við 240 eininga lágmarksviðmið en þeir skólar sem hafa í samstarfi við ráðuneytið tekið að sér að þróa og prófa ný ákvæði í lögum og námskrá hafa skilgreint 40 einingar sem kenndar voru á framhaldsskólastigi sem hluta af námi í grunnskóla.

Aftur gripið niður í málflutning menntamálráðherra um málið:
(...) Hins vegar munu framhaldsskólar líka geta mótað námsbrautir með fleiri einingum og á lengri tíma þannig að fjölbreytni á að geta orðið talsverð. (mmrh. 2009)

Sérstaka athygli vekur að það er ekkert í lögnum um inntak stúdentsprófsins – né heldur annarra prófa sem skilgreina mætti á grundvelli þeirra. Það inntak verður því alfarið að byggja á útfærslu annars staðar. Sama gildir um námsmat.

Lögin frá 2008 tilgreina (skilgreina ekki) að vísu jafngildingu náms þ.e. t.d. bóknáms og starfsnáms en innihalda síðan engin verkfæri til þess arna eða vegvísi um hvernig halda skuli á. Að þessu leyti eru því nýju lögin bara eins og forveri þeirra og staðfesta frekar en draga úr skilum milli bóknáms og starfsmenntunar. Í henni eru líka ýmis ákvæði laganna um nemendavænni framhaldsskóla s.s. varðandi námsgögn, mat í skólum og þjónustu við nemendur með sérþarfir.

Hvar erum við þá stödd núna?

Lögin eru í sjálfu sér ekkert aðalatriði – ekki frekar en lög yfirleitt í íslensku skólakerfi. Hitt skiptir aftur máli hvernig þau ná að fanga og endurspegla þróun náms og kennslu á þessu skólastigi eða m.ö.o. stefna lögin í sömu átt og skólastarfið sjálft?

Mikil kerfisumræða og tæknilegar útfærslur hafa verið mjög í for-

grunni vinnu við framkvæmd framhaldsskólalaganna hingað til – mögulega eða jafnvel líklega á kostnað inntaks einkum í ljósi þess hvað lögin eru rýr að vöxtum um inntak náms og námsmat og etv. almennt um efni sem myndi draga fram skýrari menntastefnu þeirra s.s. um tilætlaðan árangur eða afrakstur af námi nemenda.

Ég hef miklar efasemdir um allt þetta bras í kringum feiningarnar fyrrnefndu. Ég hef áhyggjur af því að lögin veiti ekki nauðsynlegan ramma sem tryggir t.d. greiða för nemenda milli skóla og kerfa og jafnvel enn frekar ekki ramma (þyrfti að taka bæði til náms og námsmats) sem tryggir ákveðin gæði og ákveðið inntak náms. Þetta torveldar okkur svo aftur að mynda okkur skoðun á og vinna að því að tryggja góða almenna menntun ungmenna kringum tvítugsaldurinn sem hefja vegferð sína inn í frekara nám og störf.

Ennfremur vil ég tilgreina mjög mikilvægt stefnuatriði um samfellu í námi nemenda milli grunn- og framhaldsskólastigs með tilheyrandi sveigjanleika og breytileika í námi og námshraða. Ég fæ ekki séð að þetta mál sé neitt að verða að veruleika í vinnu við reglugerðir og námskrár. Það er líklega heldur engin tilviljun þar sem það krefst vandaðrar framkvæmdar þar sem litið er til kennsluhátta, kennaramenntunar og símenntunar og ekki síður til aðstæðna í námi nemenda og kennslu kennara.

Lokaorð

Margvíslegt umrót og átök um menntastefnu og skólastarf á undanförunum árum og nú síðast efnahagshrunið veldur því að ekki er alveg ljóst hvar við stöndum varðandi nám og kennslu í framhaldsskólum. Þetta er þó ekki eina ástæðan að mínu mati heldur veldur nokkru tilhneiging okkar til þess að fást mikið við skipulag og umbúðir náms – svo sem áfangalýsingar og einingatalningu – en huga ekki nægilega að því að móta stefnu - í þessu tilviki menntastefnu um nám og kennslu. Viðvarandi fjárskortur framhaldsskóla – sem var til staðar öll góðærisárin og hefur síðan orðið enn alvarlegra vandamál verður síðan augljóslega til þess að hamla alvarlega framkvæmd góðra og nýtra stefnumála nýrra laga um nemenda- og samfélagsvænan framhaldsskóla sem getur svarað sívaxandi þörf fyrir fjölbreytt og vandaða nám á þessu skólastigi.



Texti: Hugborg Erlendsdóttir aðstoðaleikskólustjóri og sérkennslustjóri og Linda Hrönn Þórisdóttir deildarstjóri. Leikskólanum Vesturkoti

Framsögn í leikskólanum Vesturkoti

Eins og allir vita eru tjáning og samskipti órjúfanlegir þættir í lífi okkar. Strax frá fæðingu höfum við þörf til að tjá okkar líðan og leitumst þannig við að eiga í samskiptum við aðra. Leikskólakennarar eru meðvitaðir um mikilvægi þess að gefa þessum þáttum mikið vægi í námi leikskólabarna og í gegnum tíðina hefur verið lagður grunnur að því að gera börnin færari í að takast á við daglegt líf seinna meir. Í Aðalnámskrá leikskóla frá 1999 var til dæmis lögð áhersla á lífsleikni sem byggir á samskiptum og rökrænni tjáningu. Í drögum að nýrri aðalnámskrá leikskóla er gengið skrefinu lengra því samkvæmt henni er tjáning og samskipti einn af fjórum námsþáttum leikskóla. Samkvæmt námskránni ber kennurum að skapa aðstæður svo börnin fái meðal annars tækifæri til að tjá sig með og án orða við mismunandi aðstæður, hlusta á og semja sögur, deila skoðunum og hugmyndum, taka þátt í heimspekilegum umræðum og leita að mismunandi lausnum.

Málörvunarkerfi vikulega

Þessu aukna vægi á tjáningu og samskipti fögnum við kennarar og annað starfsfólk leikskólans Vesturkots því við höfum lagt mikla áherslu á tjáningu og jákvæð samskipti í kennslu leikskólanemenda okkar. Elsti árgangur leikskólans fer vikulega í „Tölum saman“ stundir sem er málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítýngd börn eftir Ásthildi Bj. Snorraddóttur, talmeinafræðing og Bjarteyju Sigurðardóttur, sérkennara en þar er meðal annars lögð áhersla á framsögn. Vikulega fara öll börn leikskólans í svokallaðar Bassastundir.

Þar læra börnin meðal annars að:

- sitja kyrr í sínu sæti
- hlusta á hvert annað
- auka úthald og einbeitingu
- svara spurningum í setningum
- efla samvinnu
- öðlast aukin skilning á ýmsum þekkingaratriðum, t.d. formum, litum, tölum og hugtökum

- vinna úr og geyma fyrirmæli
- syngja og dansa
- hlusta á texta
- þroska tilfinningagreind sína með því að setja sig í spor annarra
- þjálfra rökhugsun með því að leita lausna

Bassi og Móí aðstoða

Börnin fara í Bassastundir í aldurskiptum hópum og eru stundirnar sniðnar að þroska og getu hvers hóps. Þannig fá öll börnin, frá eins árs til fimm ára að njóta þessara ánægjulegu stunda á eigin forsendum. Bassastund (Peabody) sem er bandarískt kennslukerfi sem hefur þann tilgang að efla tilfinningalegan, vitrænan og málfarslegan þroska barna. Uppistaðan í stundunum eru tvær brúður, Bassi og Móí sem aðstoða kennarann í þessum stundum. Hver stund byrjar á því að Bassi vinur okkar, sem er græn og myndarleg brúða, syngur lag þar sem hann býður börnin velkomin til sín. Hann fær góða aðstoð frá kennara sem hjálpar honum að tala. Stundum kemur Móí vinur Bassa í heimsókn og hann þarf hjálp frá börnunum. Hann ruglast nefnilega oft þegar hann er að telja og hefur ekki hugtök og ýmis orð á hreinu. Börnin eru því dugleg að leiðrétta Móa sem þakkar að sjálfsgöðu fyrir góða aðstoð. Bassi birtist alltaf í lok Bassastundar og spyr börnin hvað þau voru að fást við og kveður þau að lokum með söng. Bassastundir standa mislengi yfir, allt frá fimm mínútum upp í 20 mínútur og spilar þar inn í hversu langt úthald börnin hafa. Mikilvægt er að hætta meðan börnin hafa enn góða einbeitingu og gildir þar hugtakið „hætta skal leik hverjum þá hæst hann stendur.“ Hér á eftir koma nokkrar hugmyndir um hvað við gerum í Bassastundum og í Tölum saman - stundum.

Æfingin með bjölluna og hljómpípuna

Börnin fá bjöllu í hendurnar. Þar sem við erum að æfa framsögn þá byrjum við á því að veita hverju og einu barni einstaklingsathygli.

„Uppistaðan í stundunum eru tvær brúður, Bassi og Móí sem aðstoða kennarann“

Kennari réttir einu barni í einu bjölluna. Þessi æfing er gerð í nokkur skipti þar til hópurinn hefur öðlast öryggi með þá athygli sem því fylgir að halda á bjöllunni. Næsta æfing felst í að kalla upp börnin eitt í einu, biðja þau um að ganga að kennara, taka bjölluna í höndina og hringja henni og setjast svo aftur niður í sætið sitt. Börnin fá síðan hrós eða klappað er fyrir þeim fyrir að koma fram. Í þessa æfingu notum við einnig hljómpípuna og staf. Þá þurfa börnin að koma fram og slá stafnum í hljómpípuna. Þegar börnin eru orðin eldri og öruggari þá segja þau nafnið sitt um leið og þau slá atkvæði með stafnum í hljómpípuna.

Æfingin með rauða boltann

Börnin sitja upp við vegg og kennarinn kastar mjúkum taubolta til eins barns í einu. Börnin kasta boltanum til baka og kennarinn segir nafn barnsins hátt og í gleðilegum tón. Þetta gengur svona þar til öll börnin hafa fengið boltann. Í æfingu með eldri börnum og öðrum sem geta sagt nafnið sitt er gerð krafa um að þau segi nafnið sitt sjálf. Þá er nafnið endurtekið og næsta barn fær boltann. Æfingin er gerð flóknari fyrir eldri börnin og þau fá spurningar eins og til dæmis „hvað heitir leikskólinn þinn?“ eða „hvernig er grasið á litinn?“ Þau svara spurningunum og kasta boltanum til baka um leið.

Æfingin með myndirnar

Eitt barn er kallað upp í einu og beðið um að draga mynd af hlut eða athöfn, allt eftir aldri og getu. Barnið snýr sér að hópnum og segir frá myndinni í einu orði eða í setningu. Þessi æfing hentar líka vel fyrir yngstu börnin sem eru tilbúin að koma fram og sýna myndina. Ef þörf er á fær barnið aðstoð frá kennara eða hinum börnunum við að segja hvað er á myndinni.

Æfing í að standa frammi fyrir öðrum

Börnin standa upp fyrir framan hópinn og segja nafnið sitt, hvar þau eiga heima, hvað mamma og pabbi heita og fleira í þeim dúr. Auk þess sem þessi æfing hjálpar framkomu þá endurspeglar hún reynslu og þekkingu barnanna og hjálpar minni þeirra. Önnur börn eru hvött til að spyrja barnið sem stendur spurninga sem það leitast við að svara. Þessi æfing er einnig notuð í samverustundum með öllum börnum deildarinnar. Þá er eitt barn í einu beðið um að standa upp, velja lag til að syngja og ýmist syngja það eitt eða leiða sönginn. Fyrir yngri börnin er það oft nóg áskorun að standa upp og vekja þannig á sér athygli en krafist er meira af eldri börnunum. Einnig eru börnin hvött til að segja sögur, brandara eða frá liðnum atburðum. Börnin fá verðskuldað klapp að launum frá öllum viðstöddum.

Æfing í að standa í pontu

Vesturkot á pontu sem elstu börnin æfa sig að standa við og hjálfa fram-sögn í enn ríkari mæli. Þau nota hana til að segja lítullega frá sjálfu sér,



hvað þeim finnst skemmtilegast að gera og jafnvel segja þau hvað þeim finnst best að borða. Sumum finnst nóg að segja bara nafnið sitt þegar í pontu er komið en aðrir hafa meira að segja og tjá sig um allt milli himins og jarðar. Börnin hafa meðal annars sýnt myndverk sín meðan þau standa í pontu og útskýrt fyrir hverju öðru hvað á myndunum er. Með þessu móti eru börnin hvött til að vera stolt af eigin verkum og tjá öðrum hvað í huga þeirra býr.

Ekki tæmandi upptalning

Þessi dæmi sem talin hafa verið upp hér að ofan eru á engan hátt tæmandi fyrir hvernig unnið er með tjáningu og samskipti í Vesturkoti. Í daglegum athöfnum í leikskólastarfinu hjálfa börnin þessa færni í gegnum leikinn, bæði inni og úti þó það sé ekki gert á eins markvissan hátt undir stjórn kennara og í skipulögðu málörvunarstundunum. Kennarar gegna ekki síður mikilvægu hlutverki við að efla tjáningu og samskipti barnanna við þessar daglegu athafnir þar sem þeir skapa aðstæður sem fá börnin til að vaxa og dafna félagslega svo þau verði öruggir einstaklingar með góða færni í samskiptum við aðra og með sterka sjálfsmynd sem gerir þau færari í að tjá líðan sína og langanir.

Pema vorannar 2011



Líkamsbeiting og aðbúnaður á vinnustað

Pema vorannar 2011 er líkamsbeiting og aðbúnaður á vinnustað. Birt var umfjöllun á heimasíðunni um stoðkerfisvanda í febrúar og um aðbúnað í mars.

Verklagsreglur trúnaðarmanna KÍ í vinnuumhverfismálum

Nefndin hefur gefið út verklagsreglur fyrir trúnaðarmenn í vinnuumhverfismálum. Markmið þeirra er að veita trúnaðarmönnum KÍ einfaldar og hagnýtar leiðbeiningar um mál sem tengjast líðan starfsmanna og aðbúnaði á vinnustað. Farið er yfir helstu hlutverk trúnaðarmanna vegna vinnuumhverfismála og meðferð þeirra. Að lokum er bent á helstu lög og reglugerðir sem vinnuverndarstarf byggist á. Verklagsreglurnar má finna á vef KÍ undir *Vinnuumhverfismál*.

Fyrirlestrar KÍ fyrir stjórnendur - Velferð í vinnunni

Í nóvember 2010 bauð KÍ stjórnendum í leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskólum til fræðslufunda undir heitinu *Velferð í vinnunni*. Þar var farið í starfsumhverfi skóla, vinnuvernd og heilsuefningu, veikindarétt, réttindi í Sjúkrasjóði KÍ og starfsemi VIRK - Starfsendurhæfingarsjóds. Auk þess voru á fundunum kynntar árangursríkar aðferðir til að vinna með fjarvistir starfsmanna. Haldnir voru ellefu fundir um land allt sem um rúmlega 200 skólastjórnendur sóttu. Góðar umsagnir um fundina bárust KÍ ásamt því að þátttakendur lýstu yfir ánægju sinni með þá á matsblöðum. Á vef KÍ undir *Vinnuumhverfismál* er að finna það efni sem farið var yfir á fundunum ásamt viðeigandi slóðum á ítalefni.

Vinnuumhverfismál á þingi KÍ

Á þingi KÍ dagana 6.-8. apríl 2011 verða tekin fyrir nokkur atriði tengd vinnuumhverfismálum. Tillögur VUN byggja á því starfi sem unnið hefur verið á undanförunum misserum og er það von nefndarinnar að þær fái góða umfjöllun á þinginu. Um er að ræða eftirfarandi tillögur:

- Endurskoðuð stefna KÍ í vinnuumhverfismálum
- Tillaga frá VUN um áframhaldandi starf nefndarinnar
- Tillaga frá VUN um handleiðslu
- Tillaga frá VUN um fræðslu fyrir trúnaðarmenn
- Tillaga frá Siðaráði, jafnréttisnefnd og VUN um áskorun til ríkis og sveitarfélaga um viðbrögð við einelti á vinnustöðum

Eplið er á vefnum

Eplið, rafrænt fréttabréf KÍ, er á vefnum. Lestu Eplið á www.ki.is

Varstu að skipta um netfang?

Láttu okkur vita! sigrídur@ki.is

XXVI

Siðfræði og samstarf

Vorráðstefna

Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
Grand Hótel 12. og 13. maí 2011

Stærsti faglegi vettvangur þeirra sem tengjast börnum með
proskaraskanir

Verð 15.000.- kr. fyrir fagfólk og 9.000.- kr fyrir aðstandendur
og háksólanema á þessu fræðisviði

Nánari upplýsingar og skráning á www.greining.is

SKÓLADAGAR



Janusbúðin

Frábært úrval af ullarfatnaði
á alla fjölskylduna!



100 %
merino ull!

Laugavegi 25

Reykjavík

s.552-7499



JANUS

www.janus.no

Hafnarstræti 99-101

Akureyri

s.461-3006

FASTUS

BRAVOR
BONAMAT

Betra kaffi!



Kaffivél með hitabrúsa

Tekur aðeins 7 mínútur
að hella upp á 2,2 lítra
af kaffi.

Fastus ehf. | S: 580 3900 | www.fastus.is

HEIMILI OG SKÓLI ÓSKA EFTIR TILNEFNINGUM TIL FORELDRAVERÐLAUNA 2011

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla
- landsamtaka foreldra verða veitt
þriðjudaginn 24. maí 2011 við hátíðlega
athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Mennta- og
menningarmálaráðherra veitir verðlaunin.

Tilnefningar óskast sendar á rafrænan
hátt með því að fylla út eyðublað á
www.heimiliogskoli.is. Þar er að finna
leiðbeiningar og nánari upplýsingar.

Síðasti skiladagur tilnefninga er
28. apríl 2011.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

Suðurlandsbraut 24 • 108 Reykjavík • Sími 516 0100 • www.heimiliogskoli.is

FJÖLÞJÓÐAMENNING Í MANITOBA SKÓLAHEIMSÓKNIR TIL VESTURHEIMS - 2012



Ferðaskrifstofan *VESTURHEIMUR SF* skipuleggur
heimsóknir í skóla og menningarstofnanir
í Manitoba í Kanada.

Ferðatilhögun:

- 1: flug til Winnipeg
- 2: gíst á sama hóteli sjö nætur
- 3: skólaheimsóknir í borginni
- 4: skólaheimsóknir í Nýja Íslandi

Upplýsingar veitir Jónas Þór í síma 861-1046 milli
kl. 09:00-16:00 og á jonas.thor1@gmail.com
www.vesturheimur.is



HLUSTUN OG SKILNINGUR stigskiptar hlustunaræfingar

- Nemendur **hlusta** á **upplesna texta** og svara svo **spurningum** um efnið.
- **Nemendur** geta svarað útprentanlegum fjölvalsspurningum eða gagnvirkt í tölvunni.



Hlustunarskilning þarf
að þjálfra líkt og lesskilning.

www.hlusta.is

Leikskólar í Árborg



Leikskólarnir Álfheimar og Hulduheimar á Selfossi óska eftir leikskólakennurum til starfa í ágúst

Á heimasíðum leikskólanna er að finna allar upplýsingar um starfsemi þeirra.

Slóðirnar eru:

alfheimar.arborg.is

hulduheimar.arborg.is

Nánari upplýsingar veita,

Ingibjörg Stefánsdóttir, leikskólastjóri Álfheima,

s: 480-3242, netfang: ingibjorg@arborg.is og

Eygló Aðalsteinsdóttir, leikskólastjóri Hulduheima,

s: 480-3282, netfang: eyglo@arborg.is

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2011

Faghandleiðsla fyrir kennara og námsráðgjafa



Handleiðsla er líkleg til að stuðla að vellíðan í starfi. Hún er fyrirbyggjandi þáttur varðandi starfsþreytu, skerpri markmiðssetningu og eflir samskiptahæfni. Nýttu þér rétt þinn til handleiðslu, sbr. 3. gr. í úthlutunarreglum sjúkrasjóðs frá 1. des 2005.

Guðrún H. Sederholm
MSW fræðslu – og skólafélagsráðgjafi,
námsráðgjafi og kennari.

Lágmúla 9, 4.h.th. / S: 5544873 / Gsm: 8645628
gshed@simnet.is

Guðmundur Tyrfingsson ehf

Grenir og göðir síðan 1969



- Öryggisbelti í öllum bílum og yfir 800 sæti með þriggja punkta beltum.
- Umhverfisvænar rútur
- Árlegt öryggisnámskeið fyrir bílstjóra
- Vorferðir
- Fræðsluferðir
- Gönguferðir
- Fjöruferðir
- Sveitaheimsóknir
- Heimsókn í Álfa-, trölla og norðurljósasafnið eða Draugasetrið
- Þjóðum ódýra gistingu fyrir hópa



Dæmi um skólaferð: létt fjallganga, Álfa-, trölla- og norðurljósasafnið eða Draugasetrið og sund.

Guðmundur Tyrfingsson ehf

Sími 482 1210

gt@gtbus.is

www.gtyrfingsson.is





MENNTAVÍSINDASVIÐ

Meistaránám fyrir þig – fjölbreyttar námsleiðir

Menntavísindasvið Háskóla Íslands býður spennandi nám í þremur deildum.
Umsóknarfrestur er til **15. apríl**. Sótt er um á www.hi.is

Kennaradeild

Náms- og kennslufræði viðbótardipl. 60e, M.Ed./MA 120e

Kjörsvið:

- » Íslenska – íslenskukennsla
- » Kennslufræði og skólastarf
- » List- og verkmenntun
- » Mál og læsi
- » Menntunar- og kennslufræði yngri barna
- » Nám og kennsla erlendra tungumála
- » Náttúrufræðimenntun
- » Stærðfræðimenntun
- » Upplýsingatækni og miðlun
- » *Starfstengd, fagleg leiðsögn 30e*

Leikskólakennarafræði viðbótardipl. 60e, M.Ed. 120e

Kennslufræði framhaldsskóla viðbótardipl. 60e, M.Ed. 120e

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Íþróttá- og heilsufræði M.Ed./MS 120e

Tómsunda- og félagsmálafræði M.Ed. 120e

Þroskaþjálfufræði MA 120e

Uppeldis- og menntunarfræðideild

Uppeldis- og menntunarfræði 120e með áherslu á:

- » Alþjóðlegt nám í menntunarfræði MA
- » Áhættuhegðun, forvarnir og lífssýn MA
- » Leiðtogar, nýsköpun og stjórnun M.Ed./MA
- » Lífsleikni, sjálfsmyndir og farsæld M.Ed./MA
- » Lýðræði, jafnrétti og fjölmenning M.Ed./MA
- » Matsfræði MA
- » Nám fullorðinna M.Ed./MA
- » Sérkennslufræði M.Ed./MA
- » Stjórnunarfræði menntastofnana M.Ed./MA
- » Uppeldis- og menntunarfræði M.Ed./MA
- » Þroski, mál og læsi MA

Doktorsnám

Menntavísindi Ph.D./Ed.D. 180e/240e

Nánari upplýsingar á www.mennta.hi.is




HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

krossgáta KÍ

Sendið lausnina ásamt nafni og heimilisfangi á neðangreint heimilisfang fyrir 30. apríl:
Skólavörðan - krossgáta, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík. **Bókaverðlaun í boði!**

LÁRÉTT

5. Konungsdæmi á Arabíuskaga. (4,6)
7. Jón _____ Sæmundarson Sigfússonar. (8)
9. Eyja í Kollafirði rétt utan við Örfirisey. (6)
10. Franskt hugtak þar sem átt er við að hver réttur sé verðlagður sérstaklega. (1,2,5)
12. Kona sem fædd var Norma Jeane Mortenson en var skírð Norma Jeane Baker. (7,6)
13. Heiti skipsins sem Darwin ferðaðist með. (6)
14. Höfuðborg Malaví. (8)
16. Húsnæði sem var byggt aðallega í Kanada og Grænlandi. (7)
18. Tré eða runni sem ber mörg stór og ilmandi blóm og er ræktað til skrauts í útlöndum. (8)
19. Forn heiti Írans. (6)
20. Rándýr Thorbjörns Egners. (5)
24. Útilegurmaður dysjaður í Þjósárverum ásamt konu sinni. (7)
25. „Síðasti ...“, bók eftir James Fenimore Cooper. (10)
27. Nafn á leikfangi sem á að setja saman, vinsælt hjá drengjum. (7)
28. Fylki í Bandaríkjunum. Höfuðborgin þar er Juneau. (6)
30. Fyrri _____, hluti af Gamla testamentinu, sem hefst á síðustu dögum Davíðs. (10)
32. Litlir vaðfuglar finnast á Mývatni, koma í lok máf og fara í lok ágúst. (10)
33. C14 (9)
34. Hljóðfæri úr lútufjölskyldunni, upprunnið á Ítalíu. (8)
35. Fæðingarland mannsins í 1. lóðrétt. (8)



LÓÐRÉTT

1. Fyrsti Evrópubúinn til að stjórna leiðangri í kringum hnötinn. (8)
2. Eftirnafn íslensks leikritaskálds sem var myrt. (6)
3. Glæpaforingi sem fékk 11 ára dóm fyrir skattsvik. (2,6)
4. Frægt lag „The Man that Broke the Bank at ____“ (5,5)
5. Þegar rafstraumur fer stystu leið frá rafleiðara til jarðar verður _____. (10)
6. Eyjaklasi í Atlantshafi, norður af Kúbu. (11)
8. Lóðréttur klettaveggur, oftast við sjó. (9)
11. Spænskur hrísgrjónaréttur. (6)
15. Landsvæði í Kanada sem liggur að Atlantshafi, austan við Quebec. (8)
16. Ær sem sama lamb gengur undir og gengur undir annarri á. (8)
17. Sýrð mjólk og þykkt með gerlum. (8)
18. Frægur freskumálari sem stundaði þó aðallega aðra listgrein. (12)
21. Grísk-katólsku helgimyndirnar. (6)
22. Friðlýst mannvirki á Vesturlandi, hlaðið á 13.öld. (10)
23. „_____“ á grænum sjó“, kvikmynd eftir Ásdísí Thoroddsen. (6)
24. Bergmynta. (7)
26. Tilbúið sætuefni, oft í litlum töflum. (8)
29. _____ Henie, norsk skautadrottning. (5)
31. Vondi riddarinn í “Elsku Míó minn” (4)

Lausn Krossgátu í 5.tbl Skólavörðunnar 2010



ALMENN SKRIFT

ÞEGAR BLÝANTUR,



KÚLUPENNI,



STROKLEÐUR,



EÐA YDDARI



ER MIKILVÆGUR
FÉLAGI.


FABER-CASTELL
since 1761

 EGILSSON
www.egilsson.is

Í ÁR HELDUR FABER-CASTELL UPP Á 250 ÁRA AFMÆLI

ALBA

Gistiheimili

Orlofsávísanir KÍ gilda hjá okkur



Í miðri Reykjavík

■ www.alba.is
Eskihlíð 3 • 105 Reykjavík
stay@alba.is • Sími 552 9800

Vatnaveiði í íslenskri náttúru...




... ekkert stress!

Félagsmenn í KÍ geta keypt Veidikortid á
aðeins kr. 3500 á orlofsvef KÍ eða
skrifstofu. (almennt verð kr. 6.000)

Vegleg handbók fylgir hverju seldu korti

www.veidikortid.is



Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Jafnréttisstofa býður upp á námskeið fyrir skólastjórnendur, kennara og nemendur um jafnréttismál en skólayfirvöldum ber skv. lögum nr.10/2008 að sjá til þess að jafnréttisfræðsla fari fram á öllum skólastigum og hafa jafnréttisáætlun þar sem réttindi kynjanna skulu tryggð á vinnustaðnum.

Boðið er upp á eftirfarandi námskeið:

- Jafnréttislöggjöfin og staða jafnréttismála á Íslandi
 - Staðalmyndir kynjanna
 - Kynbundið ofbeldi
 - Jafnréttisfræðsla í skólum
- Gerð jafnréttisáætlana og kynjasambætting

Nánari upplýsingar í síma 460-6200 eða með tölvupósti á jafnretti@jafnretti.is

Flottir bílar og frábær þjónusta!

Er bekkurinn að fara í bekkjarferð? Er lúðrasveitin eða hljómsveitin að fara í æfingaferð eða á mót? Er íþróttafélagið að fara að keppa eða í æfingabúðir? Við komum hópnum á staðinn í fyrsta flokks rútum og á hagstæðu verði.

Við bjóðum rútur í öllum stærðum með rúmgóðum farangursrýmum fyrir hljóðfæri, farangur og annað sem nauðsynlegt er að koma á staðinn.

Við bjóðum einnig upp á ferðir út á flugvöllinn í Keflavík eða til baka ef hópurinn er á leið til útlanda.

Kíktu við, hringdu eða skrifaðu okkur línu og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.

 **AIRPORT**
Express.is



www.allrahanda.is

Í öruggum höndum

VERUM GÓÐ VIÐ NÁTTÚRUNA!



Trjálfarnir eru duglegir að flokka og skila

Fræðsluferðir í SORPU

SORPA býður upp á fræðsluferðir fyrir grunnskóla og leikskóla á höfuðborgarsvæðinu. Markmið fræðslunnar er að nemendurnir kynnist því hvað verður um ruslið þeirra. Ejjallað er um endurvinnslu og það hvernig hver og einn getur haft áhrif á umhverfið til góðs með því að flokka og skila.

FRÆDSLUFERÐ 1.

Fræðslan fer fram í sal og móttökustöð SORPU þar sem mismunandi tegundir úrgangs eru meðhöndlaðar. Hægt er að panta ferðir klukkan 9.00 og 13.00. Ferðin tekur um klukkustund og er tekið á móti allt að 30 nemendum í einu. Nemendur koma með rútu, sem skólinn útvegar, á skrifstofu SORPU í Gufunesi.

FRÆDSLUFERÐ 2.

Hægt er að panta ferðir fyrir hádegi alla virka daga og tekur fræðslan um 30 mínútur. Nemendur geta komið með strætó á endurvinnslustöðvar SORPU þar sem fræðslufulltrúi tekur á móti þeim. Starfsemi stöðvarinnar er útskýrð fyrir nemendum og þeir fræddir um úrvinnslu úrgangsins.

Nánari upplýsingar um fræðsluna og pantanir er að finna á www.sorpa.is.